

ÁRSSKÝRSLA



Alltaf í boltanum

2010

65. ársþing KSÍ
Skýrsla stjórnar

Coca-Cola
BORGUN


SPKEF
SPARISJÓÐUR

ICELANDAIR 
Lengjan

ÁVARP FORMANNS

Úrslitakeppni HM 2010 fór fram í S-Afríku og var framkvæmd keppinnar gestgjöfunum til mikils sóma. Þessi fyrsta úrslitakeppni HM í Afríku sýndi að knattspyrnuþróttin nýtur mikilli vinsælda í álfunni eins og um heim allan. Næsta úrslitakeppni fer fram í Brasilíu 2014 og verður dregið í riðla undankeppninnar í júlí í ár. FIFA hefur þegar ákveðið gestgjafa fyrir HM 2018 og 2022. Ný lönd fá heiðurinn, Rússland 2018 og Katar 2022.

A landslið karla leikur nú í undankeppni EM 2012 en úrslitakeppnin fer fram í Póllandi og Úkraínu. Eftir 3 leiki hefur liðið ekki náð stigi, en framundan eru 5 leikir á þessu ári sem gefa tækifæri til að bæta úr því. Þegar hefur verið ákveðið að úrslitakeppni EM 2016 verði í Frakklandi og þar muni 24 lið taka þátt í stað 16 í Póllandi og Úkraínu. Árangur U21 liðs karla vakti verðskuldaða athygli og ljóst að við eigum marga góða leikmenn í þessum aldursflokki. Þegar hafa margir þessara leikmanna skilað sér upp í A landsliðið og má segja að ákveðin kynslóðaskipti séu að eiga sér stað þar. U21 liðið tryggði sæti í úrslitakeppni EM í fyrsta sinn með því að vinna Skota tvisvar í umspili, en úrslitakeppnin fer fram í Danmörku í júní á þessu ári. Þessir ungu og spræku strákar hafa svo sannarlega stolið hinni íslensku knattspyrnusenu og fangað huga knattspyrnuáhugafólks landsins. Það verður hverjum áhugamanni um knattspyrnu á Íslandi mikilvægt að fylgjast með þessum piltum í Danmörku á næsta ári og auðvitað um ókomna tíð.

Frammistaða yngri landsliða okkar gefur góð fyrirheit um framtíðina og sjaldan hafa okkar lið náð eins góðum árangri á alþjóðavettvangi. U17 ára lið karla og kvenna komust áfram í milliriðla fyrir EM 2011 sem og U19 ára lið kvenna. Þessi landslið eiga því möguleika á að leika í lokakeppni EM sem er glæsilegur árangur og sýnir vel hve öflugt uppbyggingarstarf fer fram innan aðildarfélaganna KSÍ.

A landslið kvenna lauk þátttöku sinni í undankeppni HM og hafnaði í 2. sæti í sínum riðli. Þessi góði árangur nægði þó ekki til halda lengra í keppninni. Úrslitakeppnin fer fram í Þýskalandi í ár og verður eflaust glæsilegur vitnisburður um vöxt og framfarir í knattspyrnu kvenna. Í mars verður svo dregið í undankeppni EM 2013 en úrslitakeppnin fer fram í Svíþjóð.

Nýtt nafn var ritað á Íslandsmeistarabikar karla. Ungt og efnilegt lið Breiðabliks varð sigurvegari eftir spennandi lokaumferðir í Pepsi-deildinni. Liðið gaf tóninn með skemmtilegri knattspyrnu. Það var skipað fjölmörgum ungum og efnilegum leikmönnum, sem höfðu hraða og góða boltatækni. Ný kynslóð íslenskra leikmanna er að koma fram á sjónarsviðið. FH vann KR örugglega í úrslitaleik VISA-bikarsins en leikurinn fór nú aftur fram í ágústmánuði.

Valur hélt áfram einokun sinni á Íslandsmeistaratitlinum með því að sigrast í Pepsi-deild kvenna - fimmti sigurinn í röð. Þó verður að segjast að sennilega hafa aldrei áður jafn mörg lið keppt af svo mikilli hörku í efri hluta deildarinnar. En Valur var sem fyrr með besta liðið, frábæra leikmenn í öllum stöðum, og vann tvöfalt í ár - VISA-bikarinn var þeirra eftir sigur á Stjörnunni í úrslitaleik.

Starfsemi KSÍ er mikil og sífellt að aukast. Árið 2010 var metár í fjölda liða í keppni og fjölda leikja, fræðslustarfsemi fyrir þjálfara og dómara var viðameiri en nokkru sinni fyrr. Rekstrarhagnaður af hefðbundinni starfsemi var rúmar 67 mkr. en með framlögum og styrkjum til aðildarfélaganna og fjármagnsliðum varð niðurstaðan tap upp á tæpar 16 mkr. Fjárhagsstaða KSÍ er traust við þessi tímamót.

Næsta sumar verður merkilegt í íslenskri knattspyrnusögu, ekki eingöngu vegna þess að U21 landslið karla mun leika í úrslitakeppni EM í fyrsta sinn, heldur vegna þess að þá mun 100. Íslandsmótið fara fram. Fyrsta Íslandsmótið fór fram árið 1912 og voru þátttökuliðin þrjú – Framarar, KR-ingar og Eyjamenn, sem lögðust í tveggja daga ævintýralegt ferðalag til að komast til leiks. KSÍ mun leggja sitt af mörkum til að gera 100. Íslandsmótið eins glæsilegt og kostur er.

Stjórn KSÍ þakkar aðildarfélagunum fyrir öflugt knattspyrnustarf á liðnu starfsári. Samstarf við forystumenn félaganna var til fyrirmyndar og ber að þakka þeim þeirra mikilvægu störf. Stjórn KSÍ þakkar einnig öllum þeim sem lagt hafa knattspyrnunni lið á árinu, s.s. nefndarmönnum, sjálfboðaliðum, stuðningsmönnum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum og starfsmönnum hreyfingarinnar, og að síðustu öllum þeim fjölda iðkenda sem eru alltaf í boltanum.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ

STJÓRN KSÍ

64. ársþing KSÍ var haldið á Laugardalsvelli 13. febrúar 2010. Ragnhildur Skúladóttir kom ný inn í stjórn KSÍ í stað Ingibjargar Hinriksdóttur; sem gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Þá tók Tómas Þóroddsson sæti Einars Friðþjófs-sonar sem gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem landshlutafulltrúi Suðurlands. Var stjórnin þannig skipuð að loknu ársþingi:

Geir Þorsteinsson	formaður
Gylfi Þór Orrason	varaformaður
Guðrún Inga Sívertsen	gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson	ritari
Lúðvík S. Georgsson	
Ragnhildur Skúladóttir	
Róbert Agnarsson	
Rúnar Arnarson	
Vignir Már Þormóðsson	

Í varastjórn KSÍ voru sjálfkjörnir Jóhannes Ólafsson, Sigvaldi Einarsson og Þórarinn D. Gunnarsson.

Eins og greint er frá hér að ofan var Tómas Þóroddsson kjörinn aðalfulltrúi Suðurlands. Aðalfulltrúi Austurlands var kjörinn Árni Ólason, Jakob Skúlasson fyrir Vesturland og Björn Friðþjófs-son fyrir Norðurland. Árni Ólason flutti til Noregs á árinu og tók Valdemar Einarsson sæti hans um mitt ár.

Stjórn KSÍ hélt 12 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga).

STARFSFÓLK KSÍ

Tveir starfsmenn voru ráðnir til tímabundinna verkefna á árinu og störfuðu þeir frá vori til hausts. Einar Lars Jónsson var ráðinn til að sinna útbreiðsluverkefnum og þá knattþrautum KSÍ sérstaklega. Halldór Örn Kristjánsson var ráðinn í mótadeild, til skráningar á leikskýrslum í gagnagrunn KSÍ.

Starfsfólk KSÍ 2010:

- Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri
 - Birkir Sveinsson, mótastjóri
 - Dagur Sv. Dagbjartsson, fræðslumál
 - Guðlaugur Gunnarsson, mótamál
 - Gunnar Gylfason, landsliðsmál
 - Jóhann Kristinnsson, vallarstjóri
 - Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri
 - Kristinn V. Jóhannsson, vallarstarfsm.
 - Magnús Már Jónsson, dómastjóri
 - Margrét Elíasdóttir, ritari
 - Ómar Smáráson, leyfis- og markaðsstjóri
 - Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
 - Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
 - Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustjóri
 - Þorvaldur Ingimundarson, mótamál
- Tímabundnar ráðningar:
- Halldór Örn Kristjánsson, mótamál
 - Einar Lars Jónsson, útbreiðslumál

•••••

MÓTIN 2010

FÖGNUMUR Í FUTSAL HJÁ ÍBV OG KEFLAVÍK

Úrslitaleikir Íslandsmótsins í Futsal-innanhússknattspyrnu fóru fram í Laugardalshöll í janúar. Í kvennaflokki mættust ÍBV og Þróttur R. og þótt Þróttarstúlkur hafi byrjað leikinn af krafti sigldu Eyjameyjar framúr af miklu öryggi og unnu sannfærandi 5-1 sigur. Í úrslitaleik karla var um Suðurnesjaslag að ræða þar sem Keflavík og Víðir mættust. Leikurinn var hörkuspennandi frá byrjun til loka, en það voru Keflvíkingar sem innbyrtu sigurinn á endasprettinum, unnu 6-5 með sigurmarki 50 sekúndum fyrir leikslok.

LENGJUBIKARINN

Deildarbikarkeppni karla og kvenna hófst 1996 og fór því fram í 14. sinn. Fjórða árið í röð bar keppnin heitið Lengjubikarinn, samkvæmt samstarfssamningi KSÍ og Íslenskra getrauna. Að venju var leikið að mestu í knattspyrnuhúsum og fóru úrslitaleikirnir báðir fram í Kórnum í Kópavogi.

Það var KR sem tryggði sér sigur í A deild Lengjubikars karla með því að leggja Breiðablik í úrslitaleik. Lokatölur urðu 2-1 KR-ingum í vil, en þeir leiddu með tveimur mörkum þegar flautað var til leikhles. Þetta er í fjórða skiptið sem KR vinnur þennan titil en aðeins FH hefur unnið hann oft, fimm sinnum.

Valsstúlkur tryggðu sér sigur í A deild Lengjubikars kvenna þegar þær lögðu Fylki að velli, 2-0 í úrslitaleik. Er þetta í fjórða skiptið sem Valur hampar þessum titli.

HÉRAÐSMÓT

KR tryggði sér Reykjavíkurmeistaratitilinn annað árið í röð þegar liðið lagði Víking í úrslitaleik. Var boðið upp á hörkuleik í Egilshöllinni og urðu lokatölur 3-2 fyrir Vesturbæinga, sem leiddu 1-0 í hálfleik. Þetta er annað árið í röð sem að KR vinnur Reykjavíkurmeistaratitilinn.

Valsstúlkur tryggðu sér Reykjavíkurmeistaratitilinn í kvennaflokki með 4-0 sigri á Fylki í lokaumferð mótsins. Fyrir leikinn voru þessi félög með fullt hús stiga. Valur vann því alla sína leiki á mótinu og fékk ekki á sig mark í leikjunum fjórum. Þetta er þriðja árið í röð sem Valur vinnur þennan titil og í áttunda skiptið á síðustu tíu árum. Aðeins tvö félög hafa unnið þennan titil í kvennaflokki, Valur og KR.

Þór lagði Dalvík/Reyni í úrslitaleik Soccerade-mótsins og þurfti víta- spyrnukeppni til. Soccerade-mótið er undirbúningsmót félaganna á Norðurlandi og fóru allir leikir mótsins fram í Boganum.

Breiðablik hrósaði sigri í Faxaflóamóti mfl. kvenna í sjötta sinn, og hafa Blikastúlkur því unnið sigur í mótinu öll árin sem það hefur verið haldið.

Reykjaneshallarmótið er héraðsmót félaganna á Suðurnesjum og þar fögnuðu Keflvíkingar sigri á Grindvíkingum, 2-1 í úrslitaleik.

Á Austurlandi leika félögin í Síldarvinnslumótinu og þar voru liðsmenn Fjarðabyggðar hlutskarpastir, unnu Hött í úrslitaleik í Fjarðabyggðarhöllinni með tveimur mörkum gegn einu.

Sunnlenska bikarinn, svæðismót félaga á Suðurlandi fór fram með þátttöku gestaliða. Sigurvegarar mótsins voru Reynir Sandgerði, sem höfnuðu í efsta sæti riðilsins, voru með jafn mörg stig og Hvöt, en eilítið betri markatölu.

MEISTARAKEPPNI KSÍ

Meistarakeppni KSÍ, viðureign Íslandsmeistara og bikarmeistara, fór nú fram í 8. sinn frá því hún var endurvakin árið 2003 og fór hún þá fram í fyrsta skipti síðan 1998. Báðir leikirnir fóru fram í Kórnum í Kópavogi að þessu sinni.

FH vann sigur í Meistarakeppni KSÍ með 1-0 sigri á Breiðabliki. Sigurmark FH kom í síðari hálfleik og tryggði þeim titilinn Meistarar meistaranna í fjórða skiptið á sex árum.

Valur tryggði sér sigur í Meistarakeppni kvenna með sigri á Breiðabliki. Leiknum lauk með 4-0 sigri Vals, sem leiddi með einu marki þegar flautað var til leikhlés. Valur vann þennan titil því fjórða árið í röð og í sjötta sinn á síðustu sjö árum.

KR-INGUM SPÁÐ ÍSLANDSMEISTARATITLI

Á hinum árlega kynningarfundum Pepsi-deildar karla, sem fram fór í Háskólabíói, spáðu fulltrúar félaganna í deildinni um lokastöðu

liðanna. Samkvæmt spánni áttu KR-ingar að vinna titilinn, en FH-ingar myndu veita þeim hvað harðasta keppni. Þessi tvö lið höfðu einmitt unnið vormótin þrjú - Meistarakeppnina, Lengjubikarinn og Reykjavíkurmótið. Breiðabliki var hins vegar spáð þriðja sæti eftir töp í bæði Meistarakeppninni og úrslitum Lengjubikarsins. Nýliðum Selfoss og Hauka var spáð falli. Þannig leit spáin út:

1. KR	404 stig
2. FH	380 stig
3. Breiðablik	345 stig
4. Keflavík	339 stig
5. Fram	261 stig
6. Valur	241 stig
7. Fylkir	218 stig
8. Grindavík	181 stig
9. Stjarnan	171 stig
10. ÍBV	132 stig
11. Selfoss	86 stig
12. Haukar	50 stig

NÝTT NAFN Á LISTA ÍSLANDSMEISTARA

Það var erfitt að lesa í spilin í upphafi Pepsi-deildarinnar. Liðin voru að reyta stigin hvert af öðru og ekkert eitt tók afgerandi forystu í mótinu. Eftir því sem leið á mótið varð betur og betur ljóst að það yrði æsispennandi allt til loka, og sú varð raunin. Í lokaumferðinni áttu þrjú lið raunhæfa möguleika á Íslandsmeistaratitlinum – Breiðablik, FH og ÍBV. Fyrstnefnda liðið stóð að lokum uppi sem sigurvegari með því að gera jafntefli við Stjörnuna, sem sigldi lygnan sjó um miðja deild, á meðan ÍBV tapaði fyrir Keflavík suður með sjó. FH þurfti að vinna Fram og treysta á hagstæð úrslit úr hinum tveimur leikjunum, en jafntefli Blika gerði út um titilvonir FH. Í leikslok á Stjörnuvelli braust út gríðarlegur fögnuður þegar úrslitin voru ljós. Breiðablik hafði unnið Íslandsmeistaratitilinn í meistaraflokki karla í fyrsta sinn í sögu félagsins.

Það varð hlutskipti nýliðanna í deildinni, Hauka og Selfyssinga, að falla aftur niður í 1. deild, þrátt fyrir hetjulega baráttu allt til loka.

Pepsi-deild karla - Lokastaða

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Breiðablik	22	13	5	4	47	- 23	24 44
2 FH	22	13	5	4	48	- 31	17 44
3 ÍBV	22	13	6	3	36	- 27	9 42
4 KR	22	11	5	6	45	- 31	14 38
5 Fram	22	9	5	8	35	- 35	0 32
6 Keflavík	22	8	6	8	30	- 32	-2 30
7 Valur	22	7	7	8	34	- 41	-7 28
8 Stjarnan	22	6	7	9	39	- 42	-3 25
9 Fylkir	22	7	3	12	36	- 42	-6 24
10 Grindavík	22	5	6	11	28	- 39	-11 21
11 Haukar	22	4	8	10	29	- 45	-16 20
12 Selfoss	22	5	2	15	32	- 51	-19 17

ÞRIÐJA BESTA AÐSÓKN FRÁ UPPHAFI

Aðsókn á leiki Pepsi-deildar karla var með allra besta móti í sumar en 1.205 áhorfendur að meðaltali sáu leikina. Aldrei hafa fleiri áhorfendur mætt á völlinn í það heila en 159.062 áhorfendur mættu á leikina 132 og var þetta þriðja tímabilið sem 12 félög skipa deildina. Meðal- aðsóknin er sú þriðja besta frá því að mælingar hófust. Best var aðsóknin árið 2007, síðasta árið sem leikið var í 10 liða deild, en þá mættu 1.329 að meðaltali á leikina 90. Önnur besta meðalaðsóknin var hinsvegar árið 1971 en þá komu 1.294 að meðaltali á leiki tímabilins. Vó þar þyngst að leikinn var sérstakur úrslitaleikur í Íslandsmótinu það ár. ÍBV og ÍBK voru jöfn að stigum eftir Íslandsmótið og var þá leikinn úrslitaleikur á Laugardalsvelli þar sem mættu 11.000 áhorfendur og er þetta best sótti leikur á milli íslenskra liða frá upphafi.

Flestir mættu að meðaltali á heimaleiki KR í ár eða 1.923 áhorfendur. Næstflestir komu að meðaltali á Kaplakrikavöllum, 1.781. Alls voru átta félög með yfir 1.000 áhorfendur að meðaltali á

heimaleikjum sínum. Fæstir mættu á heimaleiki Hauka, en þar mættu 759 að meðaltali á leik. Flestir mættu á leiki FH á útivöllum eða 1.583 að meðaltali. Næstflestir mættu á útileiki Íslandsmeistara Breiðabliks eða 1.570 að meðaltali. Flestir mættu á leik KR og FH í 18. umferð Pepsi-deildarinnar en þar voru 3.333 áhorfendur. Næstflestir komu á leik Breiðabliks og ÍBV í 16. umferð, 3.180 áhorfendur. Alls mættu yfir 3.000 áhorfendur á fjóra leiki sumarsins og á 14 leiki mættu yfir 2.000 áhorfendur. Fæstir mættu á leik Hauka og Vals í loka-umferðinni en þar mættu aðeins 89 manns, sem er lægsti áhorfendafjöldi á leik í efstu deild síðan 1997. Flestir áhorfendur komu á leiki annarrar umferðar en þá mættu 9.645 áhorfendur á leikina sex sem gerir 1.608 áhorfendur á leik. Fæstir voru þeir í 8. umferð en þá mættu 892 áhorfendur að meðaltali á leikina. Þessir leikir fóru fram 20. og 21. júní þegar að HM í Suður Afríku var í gangi.

Pepsi-deild karla - Aðsókn

Félag	Alls heima	Meðaltal
KR	21.149	1.923
FH	9.591	1.781
Breiðablik	17.639	1.604
Fylkir	14.837	1.349
Keflavík	13.487	1.226
Valur	12.008	1.092
Stjarnan	11.591	1.054
Selfoss	11.054	1.005
Fram	9.973	907
ÍBV	9.734	885
Grindavík	9.675	880
Haukar	8.354	759
	159.092	1.205

BIKARÆVINTÝRIÐ 2010

VISA-bikars karla verður eflaust minnst aðallega vegna tveggja hluta, annars vega þess að FH-ingar unnu bikarinn í annað sinn í sögu félagsins og hins vegar vegna bikarævintýris Ólafsvíkinga, sem fóru alla leið í undanúrslit, fyrstir allra liða í þriðju efstu deild. Það

þurfti sjálfa verðandi bikar-meistararna á sínum heimavelli til að slá Ólafsvíkur-Víkinga úr leik.

Í undankeppni VISA-bikarsins tóku þátt öll lið nema þau, sem léku í Pepsi-deild. Svæðakeppni var viðhöfð í undankeppninni og keppni liðanna hagað svo, að 20 lið kæmust áfram úr undankeppni í aðalkeppni auk þeirra 12 liða sem léku í Pepsi-deild. Liðin úr Pepsi-deildinni hófu því keppni í 32 liða úrslitum. Um óbundinn drátt var að ræða í 32 liða úrslitum, þannig að Pepsi-deildarlið gátu dregist saman strax í þeirri umferð. Tvær veigamiklar breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi VISA-bikarsins í ár. Annars vegar sú breyting að undanúrslitaleikirnir fóru ekki fram á Laugardalsvelli, eins og verið hafði árin 2003-2009, heldur á heimavöllum félaganna. Hins vegar var tímasetningu úrslitaleiksins breytt og fór hann nú fram í ágúst í fyrsta sinn síðan 1998.

FH-ingar tryggðu sér sinn annan bikarmeistaratitil með því að leggja KR-inga að velli í úrslitaleiknum með fjórum mörkum gegn engu að vistöddum 5.438 áhorfendum á Laugardalsvelli. Sigur FH-inga, sem skoruðu tvö mörk í hvorum hálfleik um sig, var sannfærandi og voru þeir verðskuldaðir VISA-bikarmeistarar 2010.

VAL SPÁÐ FIMMTA MEISTARATITLINUM Í RÖÐ

Á kynningarfundum Pepsi-deildar kvenna í Háskólabíói spáðu fulltrúar félaganna að venju um lokastöðu liðanna í deildinni. Það kom í sjálfu sér ekki á óvart að fulltrúar félaganna töldu Val líklegastan til að vinna titilinn, og yrði það þá sá fimmti í röð, enda höfðu Valsstúlkur unnið sigur í Reykjavíkurmótinu, Lengjubikarnum og Meistarakeppni KSÍ um vorið. Aftureldingu var spáð

neðsta sætinu og jafnframt var talið að Grindavík og Haukar myndu heyja harða fallbaráttu. Þannig leit spáin út:

1. Valur	286 stig
2. Breiðablik	249 stig
3. Þór/KA	247 stig
4. Fylkir	208 stig
5. Stjarnan	195 stig
6. KR	146 stig
7. FH	102 stig
8. Grindavík	86 stig
9. Haukar	85 stig
10. Afturelding	46 stig

VALSKVINTETTINN

Valur var með besta liðið í Pepsi-deild kvenna í ár og það var í samræmi við spá fulltrúa liðanna að Íslandsmeistaratitillinn skyldi enda að Hlíðarenda, fimmta árið í röð. Aðeins einu sinni áður hafði það gerst í meistaraflokki kvenna að eitt félag ynni titilinn svo oft í röð, en það var þegar Breiðablik einokaði efstu deild kvenna árin 1979-1983. Blikar voru á meðal þeirra liða sem fylgdi Val eftir við topp deildarinnar, en Þór/KA hafnaði í öðru sæti. Það varð hlutskipti Hafnarfjarðarliðanna FH og Hauka að falla í 1. deild.

Pepsi-deild kvenna - Lokastaða

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Valur	18	14	3	1	82	- 15	67 45
2 Þór/KA	18	12	1	5	58	- 23	35 37
3 Breiðablik	18	11	2	5	44	- 29	15 35
4 Stjarnan	18	9	5	4	44	- 16	28 32
5 Fylkir	18	8	3	7	33	- 29	4 27
6 KR	18	6	5	7	19	- 37	-18 23
7 Grindavík	18	5	3	10	19	- 38	-19 18
8 Afturelding	18	5	1	12	15	- 60	-45 16
9 FH	18	4	2	12	21	- 53	-32 14
10 Haukar	18	2	3	13	16	- 51	-35 9

12 SINNUM VALUR

Úrslitaleikur VISA-bikars kvenna fór fram á Laugardalsvelli í ágúst, eins og úrslitaleikur karla. Þar mættust 11-faldir bikarmeistarar

Vals og Stjarnan, sem hafði aðeins einu sinni áður leikið til úrslita, árið 1993. Úrslitaleikurinn var í járnnum allan tímann og hefði sigurinn getað fallið hvorum megin sem var, en sjálfsmark varnarmanns Stjörnunnar reyndist vera eina mark leiksins. Því má segja að hefðin hafi haft vinninginn og Valur fagnaði sínum 12. bikarmeistaratitli í kvennaflokki. Valsstúlkur hafa unnið bikarinn oft en nokkurt annað félag og juku þar með forystu sína í uppsöfnuðum bikartitlum.

BEINAR ÚTSENDINGAR

Beinum sjónvarpsútsendingum frá leikjum fjölgaði að nýju milli ára. Stöð 2 sport sýndi beint frá leikjum í Pepsi-deild karla og VISA-bikar karla, og var fjölgun um 3 leiki milli ára í bikarnum á meðan sami fjöldi var sýndur beint frá deildarleikjum og árið á undan.

Pepsi-deild karla	
Ár	Beinar úts.
2010	32
2009	32
2008	40
2007	31
2006	30
2005	29
2004	19
2003	18
2002	19
2001	23
2000	21

Stöð 2 sport sýndi beint frá alls 6 leikjum í VISA-bikar karla, sem er tvöfalt fleiri leikir en sýndir hafa verið beint frá þeirri keppni síðustu 8 ár. RÚV sýndi úrslitaleikinn í VISA-bikar kvenna í beinni útsendingu. Enginn leikur var sýndur beint í Pepsi-deild kvenna. Samanlagt voru því 39 deildar- og bikarleikir sýndir beint í sjónvarpi á árinu, sem er fjölgun um 3 leiki milli ára.

BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN ÁRSINS

Bestu og efnilegustu leikmenn Pepsi-deilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna. Úrslit fyrir 2010 voru kunngerð á lokahófi leikmanna á Broadway. Bestu og efnilegustu leikmennirnir komu úr röðum Íslandsmeistaranna, Breiðabliks og Vals.

Alfreð Finnbogason úr Breiðabliki var kjörinn leikmaður ársins í Pepsi-deild karla, en hann var einmitt kjörinn efnilegastur árið á undan. Efnilegasti leikmaðurinn var kjörinn liðsfélagi Alfreðs úr Breiðabliki, Kristinn Steindórsson.

Dóra María Lárusdóttir úr Val var kjörin besti leikmaður Pepsi-deildar kvenna í annað sinn á þremur árum, en hún hlaut einnig þessa nafnbót árið 2008. Dagný Brynjarsdóttir, einnig úr Val, þótti efnilegasti leikmaður deildarinnar.

ÞJÁLFAVARAR ÁRSINS

Valnefnd Stöðvar 2 sports kaus Ólaf Kristjánsson þjálfara ársins í Pepsi-deild karla, en hann stýrði liði Breiðabliks til fyrsta Íslandsmeistaratitils félagsins í meistara-flokki karla. Valnefnd RÚV valdi Frey Alexandersson, þjálfara Íslandsmeistara Vals, þjálfara ársins í Pepsi-deild kvenna, og er það þriðja árið í röð sem hann hlýtur þessa viðurkenningu.

ONDO OG KRISTÍN ÝR MARKAHÆST

Grindvíkingurinn Gilles Mbang Ondo varð markakóngur Pepsi-deildar karla 2010 og Kristín Ýr Bjarnadóttir úr Val varð markadrottning Pepsi-deildar kvenna. Þetta var annað árið í röð sem Kristín Ýr verður markahæst.

Reyndar var það þannig að þrír leikmenn Pepsi-deildar karla skoruðu 14 mörk og því réði fjöldi spilaðra leikja röð þeirra. Ondo skoraði 14 mörk í 20 leikjum fyrir Grindavík, en næstur kom Alfreð Finnbogason úr Breiðabliki með 14 mörk í 21 leik og þriðji var FH-ingurinn Atli Viðar Björnsson með 14 mörk í 22 leikjum. Þeir Atli Viðar og Alfreð voru einnig á meðal þriggja markahæstu leikmanna Pepsi-deildarinnar árið áður.

Kristín Ýr hafði nokkra yfirburði yfir næstu markaskorara og gerði hún 23 mörk, jafn mörg mörk og tímabilið 2009. Næst kom Mateja Zver úr Þór/KA með 16 mörk, en hún var næst markahæsti leikmaður deildarinnar 2009, og þriðja markahæst í ár var Björk Gunnarsdóttir með 15 mörk. Liðsfélagi Bjarkar í Val, Hallbera Guðný Gísladóttir, skoraði reyndar einnig 15 mörk og tók þátt í jafnmörgum leikjum, en lék í færri mínútur í heildina.

GUNNAR JARL OG GUÐRÚN FEMU BESTU DÓMARARNIR

Gunnar Jarl Jónsson var kjörinn besti dómari í Pepsi-deild karla í kjöri leikmanna en viðurkenningin var nú afhent í 17. sinn. Þetta er í fyrsta skipti sem Gunnar Jarl hlýtur þessa viðurkenningu. Leikmenn í Pepsi-deild kvenna völdu Guðrúnu Femu Ólafsdóttur besta dómara í Pepsi-deild kvenna, en þetta er í fyrsta sinn sem slík kosning fer fram.

LIÐ ÁRSINS

Að venju voru lið ársins í Pepsi-deildum karla og kvenna kynnt á lokahófinu. Valnefnd Stöðvar 2 sports valdi karlaliðið, en valnefnd RÚV kvennaliðið. Þau voru þannig skipuð:

Karlalið ársins

Ingvar Kale (Breiðablik)
James Hurst (ÍBV)
Jón Guðni Fjóluson (Fram)
Elfar Freyr Helgason (Breiðablik)
Kristinn Jónsson (Breiðablik)
Baldur Sigurðsson (KR)
Jökull Elísabetarson (Breiðablik)
Ólafur Páll Snorrason (FH)
Kristinn Steindórsson (Breiðablik)
Atli Viðar Björnsson (FH)
Alfreð Finnbogason (Breiðablik)

Kvennalið ársins

María Björg Ágústsdóttir (Valur)
Embla S. Grétarsdóttir (Valur)
Katrín Jónsdóttir (Valur)
Thelma Björk Einarsdóttir (Valur)
Lidija Stojkanovic (Fylkir)
Katie McCoy (Stjarnan)
Sara B. Gunnarsdóttir (Breiðablik)
Dóra María Lárusdóttir (Valur)
Hallbera Guðný Gísladóttir (Valur)
Rakel Logadóttir (Valur)
Mateja Zver (Þór/KA)

STUÐNINGSMENN ÁRSINS

Pepsi veitti sérstök verðlaun til stuðningsmanna liða í Pepsi-deildum karla og kvenna fyrir góða frammistöðu á árinu. Það voru stuðningsmenn Selfyssinga sem hlutu viðurkenninguna í Pepsi-deild karla og stuðningsmenn Þórs/KA í Pepsi-deild kvenna.

PRÚÐMENNSKUVERÐLAUN KSÍ OG BORGUNAR

Prúðmennskuverðlaun KSÍ og Borgunar voru veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu prúðust á undangengnu tímabili.

Háttvísinefnd valdi markvörðinn Fjalar Þorgeirsson úr Fylki prúðasta leikmanninn í Pepsi-deild karla og Söndru Sigurðardóttur, einnig markvörð, úr Stjörnunni prúðasta leikmanninn í Pepsi-deild kvenna. Fjöltnir og Sandra eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

Breiðablik var ekki einungis með besta liðið í Pepsi-deild karla, heldur einnig það prúðasta, samkvæmt háttvísimati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísimatið tekur mið af fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda. Í Pepsi-deild kvenna gerðist það merkilega að tvö félög voru efst og jöfn sem prúðustu liðin – Íslandsmeistarar Vals og Stjarnan, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu. Það borgar sig greinilega að sýna af sér prúðmennsku innan vallar.

MIKIÐ SKORAÐ Í PEPSI-DEILDinni 2010

Það var mikið skorað í Pepsi-deild karla 2010 þó fækkun hafi verið milli ára. Keppnistímabilið 2009 var einstakt, enda skoruð 3,42 mörk að meðaltali í leik. Tímabilið 2010 voru mörkin 3,33 að meðaltali, alls 439 talsins í leikjunum 132. Árið 2008 voru skoruð 412 mörk í 132 leikjum eða að meðaltali 3,12 mörk í leik, og höfðu þá ekki verið skoruð fleiri mörk að meðaltali í efstu deild karla síðan 1995.

Mörkunum fækkaði að nýju í Pepsi-deild kvenna, voru 3,9 að meðaltali í leikjunum 90, eða 351 mark alls, eftir hækkun milli árána 2008 (4,12) og 2009 (4,53). Meðaltal marka í leik árin 2006 (6,20) og 2007 (5,79) var talsvert hærri en síðustu þrjú ár. Að öllu jöfnu þætti það neikvætt þegar mörkum fækkar, en þessi þróun sýnir líklega að fleiri leikir eru jafnir og spennandi, sem er auðvitað afar jákvæð þróun.

ÁR VÍKINGANNA

Það er óhætt að segja að 2010 hafi verið ár víkinganna í landsdeildum karla utan Pepsi-deildar. Reykja-

víkur-Víkingar voru sterkastir í 1. deild og Ólafsvíkur-Víkingar höfðu nokkra yfirburði yfir önnur lið í 2. deild.

Mikil spenna var í 1. deild karla allt til loka, bæði á toppi og botni. Víkingur R. lék af stöðugum styrkleika allt sumarið og var alltaf líklegur til þess að fara upp, en mikill taugatitringur var í baráttunni um annað sætið. Lengi vel leit út fyrir að Leiknismenn myndu tryggja sér sæti í efstu deild í fyrsta sinn í sögu félagsins, en tap í lokaumferðinni gerði þær vonir að engu, og Þórsarar skutust upp í 2. sætið. Víkingar snúa því aftur í efstu deild eftir þriggja ára veru í þeirri næst efstu, en vist Þórsara hefur verið öllu lengri. Þeir léku síðast í efstu deild árið 2002. Gróttta, sem lék í næst efstu deild Íslandsmótsins í fyrsta sinn í sögu félagsins, hélt sæti sínu í deildinni með jafntefli í lokaumferðinni. Njarðvík hafnaði í neðsta sæti og Fjarðabyggð í því næst neðsta eftir stórtap gegn Þór í lokaumferðinni, sem fleytti jafnframt Þór upp fyrir Leikni í 2. sætið. Fjarðabyggð og Njarðvík leika því í 2. deild á komandi keppnistímabili.

Lokastaðan í 1. deild karla

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Víkingur R.	22	15	3	4	46	- 23	23 48
2 Þór	22	12	7	3	53	- 23	30 43
3 Leiknir R.	22	13	4	5	32	- 19	13 43
4 Fjöltnir	22	12	4	6	42	- 28	14 40
5 ÍA	22	9	8	5	44	- 28	16 35
6 ÍR	22	8	6	8	31	- 38	-7 30
7 Þróttur R.	22	8	5	9	32	- 37	-5 29
8 HK	22	7	4	11	30	- 38	-8 25
9 KA	22	6	6	10	29	- 43	-14 24
10 Gróttta	22	4	6	12	29	- 47	-18 18
11 Fjarðabyggð	22	4	5	13	26	- 47	-21 17
12 Njarðvík	22	3	4	15	14	- 37	-23 13

Toppsæti 2. deildar var aldrei í hættu fyrir Víking Ól. sem leiddi deildina allt sumarið og hafði yfirburði yfir önnur lið, enda fóru Ólsarar taplausir í gegnum mótið. BÍ/Bolungarvík fylgdi þeim eftir eins og skugginn og voru liðsmenn vel að 2. sætinu komnir. Víðir Garði og KV úr Reykjavík höfnuðu

í tveimur neðstu sætunum og féllu því í 3. deild.

Lokastaðan í 2. deild karla

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Víkingur Ó.	22	18	4	0	56	- 19	37 58
2 BÍ/Bol.	22	15	2	5	58	- 28	30 47
3 Völsungur	22	13	4	5	37	- 25	12 43
4 Höttur	22	11	3	8	39	- 31	8 36
5 Hvöt	22	9	5	8	32	- 34	-2 32
6 Reynir S.	22	9	4	9	44	- 43	1 31
7 Afturelding	22	7	7	8	32	- 38	-6 28
8 Hamar	22	8	2	12	26	- 42	-16 26
9 KS/Leiftur	22	6	6	10	39	- 47	-8 24
10 ÍH	22	6	2	14	20	- 35	-15 20
11 Víðir	22	6	1	15	33	- 41	-8 19
12 KV	22	2	4	16	21	- 54	-33 10

Tindastóll og Dalvík/Reynir unnu nauma sigra á andstæðingum sínum í undanúrslitum 3. deildar karla og mættust því í úrslitaleik á Ólafsfjarðarvelli um sigur í deildinni. Þar hafði Tindastóll betur, en bæði þessi lið leika í 2. deild að ári. Í undanúrslitum 1. deildar kvenna lagði ÍBV Keflavík sannfærandi og Þróttur R. hafði betur gegn Selfossi. Þar með höfðu þessi lið tryggt sér sæti í Pepsi-deild kvenna 2011, en mættust engu að síður í úrslitaleik 1. deildarinnar, sem fram fór á Selfossvelli. Þar unnu Eyjastúlkur 3-1 sigur og fögnuðu sigri í 1. deild kvenna 2010.

ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA

Í ár tóku 915 lið aðildarféлага KSÍ þátt í mótum yngri flokka. Er þetta fjölgun um 79 lið frá því í fyrra sem var mesti fjöldi liða hingað til. Sýnir þetta glöggt hve starf félaganna er stöðugt að aukast.

ALDREI FLEIRI LEIKIR Í MÓTUM Á VEGUM KSÍ

Aldrei í sögu KSÍ hafa verið skipulagðir fleiri leikir í mótum á vegum KSÍ og hefur leikjum fjölgað milli ára í nær öllum mótaflokkum. Leikir árið 2010 (allir flokkar og öll mót) voru alls 5.512 talsins og er það fjölgun um

rúmlega 400 leiki milli ára. Til að sýna fram á fjölgun leikja síðustu ár má nefna að heildarfjöldi leikja árið 2000 var 3.753. Þess má geta að leikjum Íslands-mótsins í Futsalinnanhússknatt-spyrnu fjölgaði lítillega á árinu og voru 350 (eru inni í heildartölu), en árið 2009 voru þeir 315. Þrátt fyrir þessa fjölgun er langt í land með að ná fyrri vinsældum þegar leiknir voru 955 leikir árið 2002.

SKRÁNING ÚRSLITA

Skráningarkerfi KSÍ tekur með einföldum og skjótum hætti á móti SMS-skeytum með stöðu og úrslitum leikja og leikskýrslur má skrá í gagnagrunn KSÍ í gegnum vefinn – www.ksi.is. Úrslitin fara þá sjálfkrafa inn á vef KSÍ og félögunum er þannig gert auðveldara um vik að koma þeim á framfæri við félagsmenn, fjölmiðla og aðra áhugasama aðila. Sífellt fleiri félög standa sig vel í að veita þessa þjónustu og sum félög standa sig afburða vel, en alltof fá nýta sér möguleikann til fullnustu.

SMS-ÞJÓNUSTA Á VEFNUM

Nú hefur í nokkur ár verið boðið upp á SMS-úrslitaþjónustu í gegnum vef KSÍ. Hægt er að fá úrslit úr einstökum leikjum í tilteknu móti með einföldum hætti. SMS-þjónustan nær til allra aldursflokka og allra móta KSÍ, hvort sem um er að ræða leiki í Pepsi-deild eða yngri flokkum. Fjöldinn allur af knattspyrnuáhugafólki nýtir sér þessa þjónustu.

KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT

KSÍ annast að venju skipulagningu umfangsmikilla móta KRR (Knattspyrnuráðs Rvk.). Breytingar urðu á mótahaldi KRR að því leyti að á

Jólamótinu var einungis keppt í 4. og 5. aldursflokkki og að í Haustmótinu var ekki leikið í 6. og 7. aldursflokkki. Einnig varð sú breyting í 2. fl. kvenna að leikið var í sameiginlegu Reykjavíkur-/Faxaflóamóti. Skýrir ofangreint fækkun leikja í KRR-mótum. Fækkun varð á þátttöku í Faxaflóamótinu sem skýrist af því að þátttaka féлага í Haust-Faxa mótinu fer minnkandi.

SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

Íslandsmeistarar karla	
24 sinnum	KR
20 sinnum	Valur
18 sinnum	Fram, ÍA
5 sinnum	FH, Víkingur R.
4 sinnum	Keflavík
3 sinnum	ÍBV
1 sinni	Breiðablik, KA
Bikarmeistarar karla	
11 sinnum	KR
9 sinnum	ÍA, Valur
7 sinnum	Fram
4 sinnum	ÍBV, Keflavík
2 sinnum	FH, Fylkir
1 sinni	Breiðablik, ÍBA, Víkingur R.
Íslandsmeistarar kvenna	
15 sinnum	Breiðablik
10 sinnum	Valur
6 sinnum	KR
4 sinnum	FH
3 sinnum	ÍA
1 sinni	Árman
Bikarmeistarar kvenna	
12 sinnum	Valur
9 sinnum	Breiðablik
4 sinnum	ÍA, KR
1 sinni	ÍBV

•••••

SAMNINGAR OG FÉLAGASKIPTI

EILÍTIL FJÖLGUN ERLENDRA LEIKMANNA

Erlendum leikmönnum í deildarkeppni á Íslandi fjölgaði aftur milli ára eftir verulega fækkun milli 2008 og 2009. Alls léku 165 erlendir leikmenn hér á landi árið 2010 í deildarkeppni karla og kvenna, samanborið við 150 árið 2009 og 215 árið þar á undan. Hér eru ekki taldir upp leikmenn sem fengið hafa íslenskt ríkisfang.

Ár	Fjöldi
2010	165
2009	150
2008	215
2007	188
2006	166
2005	148
2004	102
2003	74
2002	70
2001	93
2000	89
1999	82
1998	65

Fjölgun er í öllum neðri deildum karla og Pepsi-deild kvenna, en fækkun í efstu deild karla og 1. deild kvenna.

Deild	Fjöldi 2010	Fjöldi 2009	Fjöldi 2008
PD karla	34	36	44
1. deild karla	30	27	42
2. deild karla	21	17	35
3. deild karla	46	39	45
PD kvenna	28	23	28
1. deild kvenna	6	8	21

Alls voru 24 af 36 félögum í landsdeildum karla með erlenda leikmenn í sínum röðum, auk 13 félaga í 3. deild, en þess ber að geta að Afríka var með 22 erlenda leikmenn í sínum röðum, tæplega helming allra erlendra leikmanna í 3. deild. Breiðablik og Fylkir voru einu félögin í Pepsi-deild karla sem notuðu engan erlendan leikmann, tvö félög í 1. deild karla notuðu engan erlendan leikmann, sem og 2 félög í 2. deild karla. Í Pepsi-deild

karla voru flestir erlendir leikmenn hjá ÍBV, 6 talsins. Íslandsmeistarar Vals voru eina félagið í Pepsi-deild kvenna sem notaði engan erlendan leikmann, en flestir erlendir leikmenn voru hjá Grindavík og Aftureldingu, eða 5. Aðeins tvö félög í 1. deild kvenna voru með erlenda leikmenn, Keflavík og ÍBV með þrjá hvort.

UEFA gerir kröfur um fjölda uppalinna leikmanna í Evrópumótum félagsliða og nokkur lönd hafa einnig sett sérstakar reglur um slíkt. Uppaldir leikmenn eru þeir leikmenn sem teljast hafa alist upp hjá viðkomandi félagi eða knattspyrnusambandi skv. nánari reglum þar um.

SVIPAÐUR HEILDARFJÖLDI SKRÁÐRA SAMNINGA

Fjöldi samninga sem skráðir voru á árinu hjá félögum í Pepsi-deild karla var 203, sem er talsverð fækkun frá árinu á undan, þegar 236 samningar voru skráðir. Skráður samningum fækkar því að nýju milli ára í Pepsi-deild karla eftir mikla hækkun 2009. Heilt yfir fjölgar skráðum samningum þó verulega milli ára og munar þar mestu um mikla fjölgun í 2. og 3. deild karla og 1. deild kvenna.

MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFNDAR

Eins og undanfarin ár eru mörg ágreiningsefni sem upp koma leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Flest málin tengdust því að leikmenn leituðu aðstoðar KSÍ við innheimtu útistandandi launa. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

Leikmaðurinn Jón Gunnar Eysteinnsson taldi sig eiga inni laun hjá Keflavík, Stjarnan áfrýjaði ákvörðun skrifstofu KSÍ um að hafna staðfestingu leikmanna-

samninga, Keflavík og Þór áfrýjuðu ákvörðunum framkvæmdastjóra KSÍ um að hafna beiðni um undanþágu til félagaskipta markvarðar, Tindastóll kvartaði yfir því að fulltrúi Breiðabliks hafi haft samband við samningsbundinn leikmann Tindastóls, Breiðablik taldi að rangt hefði verið farið með skiptingu á félagaskiptagjaldi vegna sölu Stjórnunnar á Steinþóri Þorsteinssyni til Örgryte, ÍBV áfrýjaði afreksstuðlaflokkun leikmannsins Rasmusar Christiansen, Þór kvartaði undan störfum Nebojsa Lovic sem umboðsmanns, og FH óskaði eftir aðstoð nefndarinnar við að fá afrit af samningi Breiðabliks og Reading sem gerður var vegna félagaskipta Gylfa Þórs Sigurðssonar úr Breiðabliki í Reading 2005. Fjallað er nánar um málin í fylgiskýrslu.

FÉLAGASKIPTUM FJÖLGAÐ UM 80% FRÁ ÁRINU 2000

Fjöldi félagaskipta á árinu 2010 var 1.995 sem er fjölgun frá fyrra ári. Félagaskiptum heldur því áfram að fjölga og hefur fjölgað um 80% frá árinu 2000. Tvær undanþágur voru veittar vegna félagaskipta markvarða. Önnur undanþágan var veitt eftir áfrýjun til samninga- og félagaskiptanefndar.

UMBOÐSMENN LEIKMANNA

Sjö íslenskir umboðsmenn voru starfandi á árinu. Þrjátíu og tveir umboðsmannasamningar (samningur leikmanns við umboðsmann) frá sex umboðsmönnum (íslenskum og erlendum) voru skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu. Í árslok voru 43 gildir umboðsmannasamningar á skrá hjá KSÍ.

•••••

DÓMARAMÁL

A-B-C BREYTINGAR 2010

Guðmundur Ársæll Guðmundsson, dómari, og Sverrir Gunnar Pálma-son, aðstoðardómari, komu inn í A hóp dómara árið 2010. Í B hóp dómara bættust Guðrún Fema Ólafsdóttir, Hákon Þorsteinsson, Pétur Guðmundsson og Þórður Már Gylfason. Auk þess bættust Haukur Erlingsson, Sindri Kristinsson, Tomasz Jacek Napierajczyk og Viðar Helgason í B hóp aðstoðar-dómara. Nýir C dómara urðu þau Ásgeir Þór Ásgeirsson, Birkir Sigurðarson, Birna H. Bergstað, Guðmundur Arnar Guðmundsson, Guðmundur Valgeirsson, Ingi Fannar Eiríksson, Jovana Cosic, og Rúna Kristín Stefánsdóttir.

NÝR SAMNINGUR KSÍ OG DEILDARDÓMARA

KSÍ og félag deildardómara undir-rituðu í byrjun árs 2010 nýjan samning fyrir 2010, 2011 og 2012. Samningurinn tekur m.a. mið af ákvæðum er fram koma í dómarasáttmála UEFA sem KSÍ er aðili að og samþykktu dómara samninginn á fundi sínum 1. febrúar.

KRISTINN Í FAGRÁÐ ÚRVALSDÓMARA

Kristinn Jakobsson var kosinn í eins konar fagrað úrvalsdómara (*UEFA Referee Consultative Panel*), þ.e. UEFA dómara sem eru í Elite og Premier hópum. Það eru dómarnir sjálfir sem kjósa í þetta ráð. Fyrsti fundurinn var í tengslum við úrslitaleik Evrópu-deildar UEFA sem fór fram í Hamborg í maí. Ásamt Kristni í þessu fagraði eru dómarnir Massimo Busacca frá Sviss, Frank De Bleckere frá Belgíu og Roberto Rosetti frá Ítalíu.

ÍSLENSKIR DÓMARAR Á CORE NÁMSKEIÐI Í SVISS

Þrír íslenskir dómara voru í Sviss í nóvember þar sem þeir sóttu námskeið fyrir unga og efnilega dómara. Þetta er nýtt verkefni á vegum UEFA og kallast "CORE" (Centre Of Refereeing Excellence) Um er að ræða áætlun um þjálfun og menntun dómara á aldrinum 25-30 ára. Þetta voru dómarnir Gunnar J. Jónsson og aðstoðar-dómarnir Birkir Sigurðarson og Gylfi Már Sigurðsson. Voru þeir í tvær vikur í Sviss við þjálfun og kennslu og störfuðu þeir við dómgæslu í deildarkeppni í Sviss. Þeir munu svo sækja annað námskeið í júní 2011.

ÁFRAM SAMSTARF VIÐ HR

KSÍ og HR (Háskólinn í Reykjavík) gerðu með sér samstarfsamning árið 2009 sem felur í sér að HR sér um æfingar og þrekmælingar dómara, auk þess sem skólinn kemur með efni inn á landsdómara-ráðstefnur. Mikil ánægja hefur verið með samstarfið og ákveðið var að halda þessu samstarfi áfram á árinu 2011.

LANDSDÓMARAFUNDIR OG FRÆÐSLUFUNDIR

Þrjár landsdómara-ráðstefnur voru haldnir á árinu - í mars, apríl og nóvember, auk sumarfundar með A dómurum í júní. Fyrirhugað var að Valentin Ivanov kæmi á aprílráðstefnuna en Eyjafjallajökull kom í veg fyrir komu hans. Keith Hackett hélt opinn fund með dómurum og eftirlitsmönnum í tengslum við ProZone kynningu sem haldin var hérlendis í október.

NORRÆN DÓMARASKIPTI

Norræn dómarskipti hófust árið 2005 og er tilgangur þeirra að auka þekkingu og reynslu dómara. Erlendur Eiríksson og Örvar Sær Gíslason tóku þátt í samstarfinu árið 2010 og dæmdu sitt hvorn leikinn í næst efstu deildum í Noregi og Danmörku. Á Íslandi dæmdu Hávard Hakestad frá Noregi og Anders Poulsen frá Danmörku sinn leikinn hvor í 1. deild karla. David Vang Andersen var aðstoðardómari hjá Anders Poulsen, en þetta er í fyrsta sinn sem aðstoðardómari tekur þátt í Norrænu dómarskiptunum á Íslandi. Á Norðurlandamót U17 karla, sem haldið var í Noregi, fóru að þessu sinni Gunnar Jarl Jónsson, sem dómari, og Birkir Sigurðarson sem aðstoðardómari.

ÍSLENSKIR DÓMARAR Á ALÞJÓÐLEGUM LEIKJUM

Íslenskir dómara dæmdu fjölmarga landsleiki á árinu og voru að auki dómara á fjölda leikja í UEFA-mótum félagsliða. Alþjóðleg verk-efni íslenskra dómara árið 2010 koma fram í fylgiskýrslu.

MILLIRÍKJADÓMARAR 2010

Þorvaldur Árnason og Þóroddur Hjaltalín komu nýir inn á lista yfir FIFA-dómara á árinu, í stað þeirra Garðars Arnar Hinrikssonar og Jóhannesar Valgeirssonar. Þá bættist Gunnar Sverrir Gunnarsson í hóp FIFA aðstoðardómara.

FIFA-dómara

Kristinn Jakobsson
Magnús Þórisson
Þorvaldur Árnason
Þóroddur Hjaltalín

FIFA-aðstoðardómarar (karla)

Áskell Þór Gíslason
Frosti Viðar Gunnarsson
Gunnar Sverrir Gunnarsson
Jóhann Gunnar Guðmundsson
Oddbergur Eiríksson
Ólafur Ingvar Guðfinnsson
Sigurður Óli Þorleifsson

FIFA-aðstoðardómari (kvenna)

Bryndís Sigurðardóttir

FIFA-Futsaldómari

Andri Vigfússon

BRYNDÍS FIFA- AÐSTOÐARDÓMARI

Bryndís Sigurðardóttir var tilnefnd af UEFA sem einn af aðstoðardómurum í undankeppni EM U17 kvenna í riðli sem fram fór í Rússlandi dagana 26. sept. - 1. október. Þetta var fyrsta verkefni Bryndísar á erlendri grundu síðan hún varð FIFA-aðstoðardómari. Þetta var jafnframt fyrsta tilnefningin sem íslenskur kven-dómari fær frá UEFA á erlendri grundu sem er mikið ánægjuefni enda mikill vöxtur í hlut kvendómara í knattspyrnu-dómgæslu á Íslandi.

EFTIRLITSMENN

Alls störfuðu 57 eftirlitsmenn við 486 leiki í landsdeildum og bikarkeppnum árið 2010. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja og frammistöðu dómara, auk skýrslna um háttvísi í Pepsi-deild karla. Ráðstefnur eftirlitsmanna voru haldnar í febrúar og byrjun maí. Áfram verður unnið af krafti við styrkingu eftirlitskerfisins á næsta ári.

DÓMARANÁMSKEIÐ

Á árinu voru haldin um 40 unglingadómaranámskeið víðs vegar um landið hjá þeim félögum sem þess óskuðu. Á unglinga-

dómaranámskeiðunum er lögð áhersla á að kenna knattspyrnu-lögin. Námskeiðin eru stutt en hnitmiðuð og markmiðið með þeim er fyrst og fremst að hjálpa félögnum að búa til dómara hópa til þess að manna þá fjölmörgu leiki sem eru á þeirra ábyrgð. Þeir sem hafa áhuga á því að mennta sig meira í dómarafræðum sækja síðan héraðsdómaranámskeið. Háskólinn í Reykjavík, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskóli Norðurlands Vestra og KHÍ buðu upp á unglingadómaranámskeið sem valfag. Aldrei hafa jafnmargir verið útskrifaðir á einu ári eða alls 511. Yfir 40 nýir héraðsdómarar voru jafnframt útskrifaðir á árinu. Þeir dómarar sem ljúka héraðsdómaranámskeiðum eiga þess kost að gerast KSÍ dómarar og eru nýir KSÍ dómarar aðstoðardómarar í 1. deild kvenna og 3. deild karla. Leitað er eftir álitum dómara stjóra þess félags sem dómari hefur starfað fyrir eða með mælum frá öðrum dómurum áður en einstaklingur er tekinn inn sem KSÍ dómari. Framhaldið ræðst síðan á frammistöðunni.



LANDSLIÐSMÁL

A LANDSLIÐ KARLA

Ólafur Jóhannesson hefur verið þjálfari A-landslíðs karla síðan haustið 2007 og gildir núverandi samningur hans til ársloka 2011.

Landsliðið lék nú leiki á árinu, þrjá í undankeppni EM 2012 og sex vináttuleiki, þar af tvo á dögum utan alþjóðlegra leikdaga. Sigur vannst í tveimur leikjum, þremur lauk með jafntefli og fjórir leikir töpuðust.

Fyrsti leikurinn var gegn Kýpur í byrjun mars og var leikið í Larnaca.

Markalaust jafntefli varð niðurstaðan þrátt fyrir góð færi á báða bóga og meðal annars átti íslenska liðið þrjú skot í tréverkið á kýpverska markinu en inn vildi boltinn ekki. Um miðjan mars voru leiknir tveir leikir utan alþjóðlegra leikdaga. Fyrst var leikið við vini okkar og frændur Færeyinga í Kórnum að viðstöddum aðeins rúmlega 300 áhorfendum og vannst 2-0 sigur. Fjórum dögum síðar var leikið við Mexíkó í Charlotte í Bandaríkjunum. Áhorfendur á þeim leik voru talsvert fleiri en í Kórnum, en 63 þúsund áhorfendur voru á vellinum og sáu markalaust jafntefli, reyndar í nokkuð fjörugum leik. Stemmningin á vellinum var mögnuð, smekkkfull stúka af Mexíkómönnum og Bandaríkjamönnum af mexíkóskum uppruna. Í lok maí var leikið gegn Andorra á Laugardalsvellingum og vannst öruggur 4-0 sigur. Þrjú mörk voru skorud í síðari hálfleik og þar af tvö undir lok leiksins. Liechtenstein kom svo í heimsókn á Laugardalsvöllinn í ágúst og lauk þeim leik með 1-1 jafntefli. Mark Íslands kom í fyrri hálfleik en gestirnir jöfnuðu í þeim síðari. Síðasti vináttuleikur ársins var gegn Ísrael í Tel Aviv um miðjan nóvember. Heimamenn komust í 3-0 eftir hálf tíma leik, en íslenska liðið reif sig upp og minnkaði muninn með tveimur mörkum í síðari hálfleik, og fékk jafnframt færi til að jafna leikinn, sem tókst því miður ekki.

Fyrsti leikurinn í undankeppni EM 2012 var gegn Norðmönnum á Laugardalsvellingum í byrjun september. Íslenska liðið lék mjög vel í fyrri hálfleik og var með verðskuldaða 1-0 forystu þegar flautað var til hlés. Því miður gekk ekki eins vel í síðari hálfleik og Norðmenn gengu á lagið, skorðu tvisvar og tryggðu sér sigur í leiknum. Frammistaðan var á heildina litið góð og íslenska liðið óheppið að tapa leiknum. Fjórum

dögum síðar var leikið gegn Dönnum á Parken. Íslenska liðið lék feikivel í leiknum og gaf Dönnum lítið eftir, varðist vel og ógnaði danska markinu þess á milli. Slyslegt mark í uppbótartíma var það sem skildi liðin að, 1-0 fyrir Dani. Grátleg úrslit, enda fékk íslenska liðið, sem var dyggilega stutt af íslenskum stuðningsmönnum, ekki síðri færi en það danska í leiknum. Í október komu Portúgalar á Laugardalsvöllinn og uppselt var á leikinn. Marga leikmenn sem leikið höfðu leikina á undan vantaði í íslenska liðið því þeir léku með U21 landsliðinu á sama tíma. Portúgalir komust yfir snemma leiks með marki beint úr aukaspyrnu, en Ísland jafnaði um miðjan fyrri hálfleik við gríðarlegan fögnuð áhorfenda. Gestirnir komust aftur yfir skömmu síðar og tryggðu sér svo sigurinn með þriðja markinu í síðari hálfleik.

Staðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Noregur	3	3	0	0	5-2	3	9
2 Portúgal	4	2	1	1	10-7	3	7
3 Danmörk	3	2	0	1	4-3	1	6
4 Kypur	3	0	1	2	5-8	-3	1
5 Ísland	3	0	0	3	2-6	-4	0

U21 LANDSLIÐ KARLA

Eyjólfur Sverrisson var við stjórnvölinn hjá U21 landsliði karla. Liðið lék þrjá leiki í undankeppni EM á árinu, gegn Þýskalandi heima og heiman og gegn Tékkum ytra. Þá var leikið í umspilsleikjum um sæti í loka-keppni EM gegn Skotum.

Leikið var gegn Evrópumeisturum Þjóðverja á MDCC-Arena í Magdeburg í mars. Þjóðverjar voru með mjög sterkt lið og nánast allir leikmenn liðsins á mála hjá félögum í þýsku Bundesligunni. Þjóðverjar komust yfir á 10. mínútu en strákarnir jöfnuðu leikinn þremur mínútum síðar. Bæði lið skiptust á að sækja eftir það í fyrri

hálfleiknum án þess að skora. Sama var uppi á teningnum í síðari hálfleik, en Þjóðverjarnir komust svo yfir á 50. mínútu. Íslenska liðið sýndi þá gífurlegan karakter og náði að jafna leikinn aftur. Mikil sókn var svo að marki íslenska liðsins síðustu mínúturnar og m.a. var bjargað tvisvar á línu, en leiknum lauk með 2-2 jafntefli.

Annar leikur ársins var seinni leikur Íslands og Þýskalands og var leikið um miðjan ágúst á Kaplakrikavelli. Leikurinn var úrslitaleikur fyrir Evrópumeistara Þjóðverja sem þurftu að vinna alla sína leiki til að eiga möguleika á að komast í úrslitakeppnina. Mikil stemmning var fyrir þennan mikilvæga leik því með íslenskum sigri sá liðið fram á að möguleiki væri fyrir Ísland á að komast í úrslitakeppnina í fyrsta skipti. Íslenska liðið var sterkari aðilinn í leiknum og leiddi 1-0 í hálfleik með marki eftir aðeins 5 mínútur. Þjóðverjarnir jöfnuðu strax í upphafi seinni hálfleiks og héldu þá margir að þeir myndu klára leikinn. Strákarnir voru á öðru máli og eins og í leiknum ytra svöruðu þeir strax fyrir sig, að þessu sinni með mörkum á 53. og 54. mínútu. Fjórða markinu var bætt við við áður en yfir lauk og hampaði því Ísland verðskulduðum 4-1 sigri. Þrjú þúsund og tvö hundruð viðstaddir áhorfendur sáu Ísland fara á kostum í leik sem var sýndur í beinni sjónvarpssendingu um alla Evrópu.

Síðasti leikurinn í undankeppninni var gegn Tékkum í Jablonec. Staðan í öðrum riðlum var þannig að ef Ísland ætlaði að vera öruggt í úrslitakeppni EM þá varð liðið að fá a.m.k. eitt stig úr leiknum, en ef það næðist ekki varð að treysta á úrslit annarra leikja. Margir leikmenn liðsins höfðu þegar hér var komið náð að spila sig inn í A-landslið karla og því ljóst að nýir leikmenn yrðu að taka við keflinu. Frá fyrstu mínútu var á brattann að

sækja og Tékkarnir náðu þriggja marka forystu áður en Ísland minnkaði muninn. Eftir því sem leið á leikinn náði liðið betur saman og hefði með smá heppni náð að minnka muninn enn frekar. Eftir leikinn tóku við nokkrar spennandi mínútur þar sem allir leikir síðustu umferðarinnar fóru fram á sama tíma og þegar upp var staðið kom í ljós að þrátt fyrir tap var Ísland komið í umspilsleiki um sæti í úrslitakeppni EM vegna einstaklega hagstæðs markamunar. Var liðið með 18 mörk í plús og flest skorud mörk allra liða í keppninni.

Staðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Tékkland	8	7	1	0	25-4	21	22
2 Ísland	8	5	1	2	29-11	18	16
3 Þýskaland	8	3	3	2	26-10	16	12
4 Norður-Írland	8	2	1	5	12-16	-4	7
5 San Marínó	8	0	0	8	0-51	-51	0

Dregið var til umspilsleikja EM 2009/2011 í Herning í Danmörku í september. Vitað var að Ísland, sem var í öðru sæti síns riðils, yrði dregið á móti liði sem var í fyrsta sæti síns riðils. Dróst liðið gegn Skotum og lá fyrir að fyrri leikurinn yrði á Íslandi og sá síðari ytra.

Fyrri leikur liðanna fór fram fyrir framan 7.255 áhorfendur á Laugardalsvelli. Íslenska liðið byrjaði vel og var það gegn gangi leiksins þegar Skotar náðu forystu á 19. mínútu. Íslensku strákarnir létu þetta ekki á sig fá og jöfnuðu leikinn sex mínútum síðar með skoti fyrir utan teig. Íslendingar spiluðu mun betur en Skotarnir það sem eftir lifði leiksins og sigurmark Íslands kom á 78. mínútu með þrumuskoti af um 30 metra færi. Fögnuðu leikmenn úrslitunum vel þó munurinn fyrir seinni leikinn væri ekki mikill og ljóst að liðið yrði að leika vel í Skotlandi.

Seinni leikurinn fór fram á Easter Road í Edinborg fyrir framan rúmlega 12 þúsund áhorfendur, sem

studdu sína menn vel. Skotarnir mættu mjög ákveðnir til leiks og sóttu stíft að marki Íslendinga án þess að skapa sér verulega góð færi utan einu sinni, en þá áttu Skotar þrjú skot að marki sem endaði með því að bjargað var á línu. Var þetta í raun eina skiptið sem Skotar ógnuðu marki Íslands að ráði. Íslendingar áttu þó sínar skyndisóknir sem enduðu oft með skoti á markið og þegar upp var staðið í fyrri hálfleik þá hafði Ísland átt fleiri skot á markið en heimamenn. Það sama var uppi á teningnum í síðari hálfleik. Skotarnir sóttu án þess að skapa sér færi enda íslenska vörnin sterk. Beitt var skyndisóknum og þegar um stundarfjórðungur var eftir af leiknum náðu íslenska liðið forystunni. Adam var þó ekki lengi í Paradís, því Skotarnir jöfnuðu á sömu mínútunni með skoti frá miðju þegar leikur var hafinn að nýju eftir mark Íslands. Það var svo á 80. mínútu að Ísland náði aftur forystunni með öðrum þrumufleyg og sæti í lokakeppninni var í höfn.

Dregið var í riðla í lokakeppninni í nóvember. Ísland kemur til með að leika í A-riðli með Danmörku, Sviss og Hvíta-Rússlandi og fer fyrsti leikurinn fram 11. júní í Árósum, en hinir tveir leikir fara fram 14. og 18. júní í Álaborg. Liðin í B-riðli eru England, Spánn, Tékkland og Úkraína. Verði lið Íslands og Englands í einu af fjórum efstu sætunum þá tryggir íslenska liðið sér sæti á Ólympíuleikunum 2012.

U19 LANDSLIÐ KARLA

Kristinn Rúnar Jónsson þjálfaði U19 landslið karla á árinu, en hann tók við því starfi í desember 2006.

U19 liðið skipað leikmönnum fæddum 1992 og síðar lék tvo vináttuleiki við Norður-Íra hér á landi um miðjan september og

töpuðust þeir báðir. Fyrri leikurinn fór fram í Sandgerði og urðu lokatölur 2-5 fyrir gestina, eftir að staðan hafði verið jöfn í leikhléi, 2-2 og Ísland hafði jafnað leikinn í tvígang. Síðari leikurinn var á Fylkisvelli og tryggðu gestirnir sér sigurinn úr vítaspyrnu á lokamínútunum.

Í undankeppni EM var íslenska liðið í riðli með Wales, Tyrklandi og Kasakstan og var riðilinn leikinn í Wales í október. Fyrsti leikurinn var gegn Kasakstan og vann íslenska liðið öruggan sigur þar sem grunnurinn var lagður strax í fyrri hálfleik. Fyrsta markið kom á 13. mínútu, annað markið á þeirri 24. og loks þriðja markið úr vítaspyrnu á 33. mínútu. Fjórða mark Íslendinga kom svo í síðari hálfleik og öruggur sigur því í höfn. Annar leikurinn var gegn heimamönnum, sem unnu 2-1 sigur eftir að Íslendingar höfðu leitt í leikhléi með marki úr vítaspyrnu. Jöfnunarmark Wales, einnig úr vítaspyrnu, kom á 56. mínútu og sigurmarkið kom svo 10 mínútum fyrir leikslok. Íslensku strákunum tókst ekki að jafna metin þrátt fyrir ágætis tilraunir í lokin og heimamenn fögnuðu sigri. Þriðji og síðasti leikurinn var gegn Tyrkjum. Fyrir leikinn var ljóst að sigur mundi tryggja íslenska liðinu sæti í milliriðlum. Markalaust var eftir fyrri hálfleikinn en íslenska liðið komst yfir eftir þrjár mínútur í síðari hálfleik. Tyrkir jöfnuðu á 57. mínútu og aðeins mínútu síðar fékk einn leikmaður Íslands að líta rauða spjaldið og liðið lék því manni færri sem eftir lifði leiks. Strákarnir gáfust þó ekki upp og lögðu allt í sölurnar til þess að tryggja sigurinn. Það tókst ekki og þegar fjórar mínútur höfðu verið leiknar í uppþótartíma skoruðu Tyrkir sigurmarkið og tryggðu sér efsta sætið í riðlinum og komust þar með áfram í milliriðla ásamt Wales. Íslenska liðið lauk keppni

með fjórða besta árangur liða í 3. sæti og komst því ekki í milliriðla.

Lokastaðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Tyrkland	3	2	1	0	10-5	5	7
2 Wales	3	1	2	0	6-5	1	5
3 Ísland	3	1	0	2	6-4	2	3
4 Kasakstan	3	0	1	2	2-10	-8	1

U19 liðið skipað leikmönnum fæddum 1993 og síðar tók þátt í æfingamóti í Svíþjóð síðari hluta júlímánaðar ásamt Svíum, Norðmönnum og Walesverjum og var fyrst leikið gegn síðastnefnda liðinu þar sem íslensku strákarnir fóru með sigur af hólmi, 2-1. Staðan í leikhléi var 1-1 og það voru Walesverjar sem komust yfir á 35. mínútu, en íslenska liðið jafnaði metin úr vítaspyrnu aðeins þremur mínútum síðar og skoraði svo sigurmarkið einnig úr vítaspyrnu á fyrstu mínútum síðari hálfleiks. Annar leikurinn var gegn gestgjöfunum, Svíum, og lokatölur urðu 4-1 fyrir heimamenn eftir að staðan hafði verið 2-0 í leikhléi. Eina mark Íslands kom úr vítaspyrnu og höfðu því öll þrjú mörk íslenska liðsins í mótinu komið af vítapunktinum. Norðmenn voru andstæðingarnir í lokaleiknum og unnu þeir 2-0 sigur með einu marki í hvorum hálfleik um sig.

Lokastaðan í mótinu

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Svíþjóð	3	1	2	0	5-2	3	5
2 Noregur	3	1	2	0	3-1	2	5
3 Ísland	3	1	0	2	3-7	-4	3
4 Wales	3	0	2	1	3-4	-1	2

U17 LANDSLIÐ KARLA

Gunnar Guðmundsson tók við þjálfarastarfinu hjá U17 liði karla 2009 og var þetta því annað árið undir hans stjórn.

Opna Norðurlandamótið var að þessu sinni haldið í Finnlandi í byrjun ágúst og var íslenska liðið í riðli með Englandi, Danmörku og Finnlandi. Fyrsti leikurinn var gegn

Dönun og eftir markalausn fyrri hálfleik skoruðu Danirnir þrjú mörk í þeim seinni og unnu öruggan sigur. Annar leikurinn var gegn heimamönnum, Finnum, sem leiddu 1-0 í leikhléi. Íslensku strákarnir komu svo sterkir inn í seinni hálfleikinn og tryggðu sér sigur með því að koma knettinum tvívegis í finnska markið. Lokaleikurinn í riðlinum var gegn Englendingum. Um var að ræða hörkuleik hjá íslenska liðinu og besta leikinn til þessa í mótinu. Ekkert var skorað í fyrri hálfleik, en Englendingar komust yfir í byrjun þess seinni. Ísland jafnaði metin á 56. mínútu, en þegar örfáar sekúndur voru í að flautað væri til leiksloka skoruðu Englendingar sigurmark, Íslendingum til mikilla vonbrigða. Englendingar höfnuðu í efsta sæti riðilsins með fullt hús stiga, Danir hlutu 4 stig, Íslendingar 3 og Finnar 1. Leikið var gegn Skotum um 5. sæti mótsins. Eftir venjulegan leiktíma var staðan 1-1 og jafnaði íslenska liðið úr vítaspyrnu þegar skammt var eftir. Var þá gripið til vítaspyrnukeppni, sem var löng og ströng, en Ísland fór með sigur af hólmi að lokum. Finnar unnu Færeyinga í leik um 7. sætið, Norðmenn unnu Dani í leik um 3. sætið og Englendingar lögðu Svía í úrslitaleiknum.

Riðill Íslands í undankeppni EM var leikinn í hér á landi seint í september og voru mótherjarnir Tékkar, Tyrkir og Armenar. Fyrsti leikurinn var gegn Tékkum á Laugardalsvelli. Fyrri hálfleikurinn var markalaus, en Tékkar byrjuðu síðari hálfleikinn betur og skoruðu tvö mörk snemma hálfleiksins. En þá tóku íslensku strákarnir við sér og jöfnuðu metin með mörkum á fjögurra mínútna kafla. Síðustu tíu mínúturnar dugðu hinsvegar Tékkum til þess að skora tvö síðustu mörkin, það síðasta úr vítaspyrnu í uppbótartíma. Í hinum leiknum unnu Tyrkir Armena 3-0 á KR-velli. Annar leikur íslenska

liðsins var gegn Tyrkjum á Víkingsvelli. Markalaust var í leikhléi og leikurinn heldur tíðindalítill, en það breyttist í síðari hálfleiknum því strax eftir fjórar mínútur fékk einn leikmanna Tyrkja að líta rauða spjaldið. Íslensku strákarnir færðu sér það í nyt og skoruðu eftir um klukkutíma leik. Það var gríðarlega hart barist á leikvellinum og á 74. mínútu fékk annar leikmaður Tyrkja rauða spjaldið. Lokamínúturnar voru æsispennandi því gestirnir gáfust svo sannarlega ekki upp og freistuðu þess að jafna metin. Þegar þrjár mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma fengu Íslendingar svo vítaspyrnu sem var vel nýtt og glæsilegur sigur íslensku strákanna í höfn. Á sama tíma gerðu Tékkar og Armenar 1-1 jafntefli á Akranesi. Fyrir síðasta leikinn, gegn Armenum á Keflavíkuvelli, var ljóst að sigur myndi tryggja íslenska liðinu sæti í milliriðlum og jafntefli gæti dugað, en sigur gæti einnig dugað Armenum, og því var von á hörkuleik. Íslenska liðið komst yfir strax á 2. mínútu, en gestirnir jöfnuðu metin tíu mínútum síðar. Leikurinn var í járnum allt þar til á 53. mínútu, þegar íslenska liðið skoraði úr vítaspyrnu. Reyndist þetta sigurmark leiksins og þegar dómarnir flautaði til leiksloka braust út mikill fögnuður hjá íslensku strákunum. Tyrkir unnu Tékkka 6-1 á sama tíma og hlutu því 6 stig eins og íslenska liðið og bæði liðin komust áfram í milliriðil.

Lokastaðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Ísland	3	2	0	1	6-5	1	6
2 Tyrkland	3	2	0	1	9-3	6	6
3 Tékkland	3	1	1	1	6-9	-3	4
4 Armenía	3	0	1	2	2-6	-4	1

Imbbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Í nóvember var dregið í milliriðla og verður íslenska liðið í riðli með Ungverjum, Rússum og Rúmenum og verður leikið í Ungverjalandi í lok mars.

ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót drengja fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman á sjöunda tug leikmanna og fór mótið að venju vel fram. Úrtökumótið var haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 liðið 2011.

ATVINNUMENN ERLENDIS

Vel á sjöunda tug Íslendinga léku með erlendum félagsliðum á árinu, sem atvinnumenn víðs vegar um Evrópu. Meira en helmingurinn í Skandinavíu og af þeim voru flestir í Svíþjóð, eða 21 alls, en þar réði mestu að 10 íslenskar konur léku sem atvinnumenn þar í landi. Íslenskir leikmenn voru einnig fjölmennir hjá liðum á Bretlands-eyjum og hefur fjölgað í Hollandi og Belgíu. Á meðal annarra landa þar sem Íslendingar léku sem atvinnumenn má nefna Brasilíu, Ítalíu, Þýskaland og Bandaríkin. Hér að neðan er stiklað á stóru um nokkra þessara leikmanna.

Sá leikmaður sem vakti mesta athygli á árinu er án efa Gylfi Þór Sigurðsson, sem lék með enska liðinu Reading þar til síðasta sumar, þegar hann var keyptur til þýska liðsins Hoffenheim. Gylfi sló strax í gegn hjá sínu nýja liði og skoraði beint úr aukaspyrnu í fyrsta leik sínum eftir að hafa komið inn á sem varamaður, og skoraði síðan tvö mörk nokkrum vikum síðar í sínum fyrsta leik í byrjunarliði í Bundesligunni. Gylfi er máttarstólpi í U21 landsliði Íslands og er orðinn lykilmáður í A-landsliðinu þrátt fyrir ungan aldur.

Grétar Rafn Steinsson hefur verið lykilmáður hjá Bolton á yfirstandandi keppnistímabili í ensku úrvalsdeildinni og er einn af okkar bestu knattspyrnumönnum, eins og Heiðar Helguson sem hefur skorað

grímt fyrir QPR, og Aron Einar Gunnarsson sem er einn af lykilmönnum Coventry. Eggert Gunnþór Jónsson er máttarstólpi í liði Hearts í Skotlandi og hefur gegnt stöðu fyrirliða.

Í Hollandi eru Jóhann Berg Guðmundsson og Kolbeinn Sigþórsson að leika með aðalliði AZ Alkmaar. Hafa þeir báðir náð að skora mikilvæg mörk og eru mikilvægir hlekkir í sóknarleik liðsins.

Íslenskir leikmenn léku að venju lykilhúttverk hjá ýmsum liðum á Norðurlöndunum. Veigar Páll Gunnarsson sneri aftur til síns gamla félags í Noregi, Stabæk, og tók upp sína fyrri iðju við að leggja upp og skora mörk í gríð og erg. Birkir Bjarnason hefur einnig verið iðinn við kolann hjá Viking, en þar leikur einnig Indriði Sigurðsson. Í Danmörku er Rúrik Gíslason á meðal skæðustu sóknarmanna þar sem hann leikur fyrir OB og Sölvi Geir Ottesen hefur leikið gríðarlega vel í hjarta varnarinnar hjá FC København, eftir að hafa skipt þangað úr SönderjyskE. Þá hefur Ólafur Ingi Skúlason tekið við fyrirliðabandinu hjá SönderjyskE af Sölva Geir.

Í Svíþjóð fögnuðu Íslendingar bæði deildar- og bikarmeistaratitli. Þóra B. Helgadóttir og Dóra Stefánsdóttir eru leikmenn Malmö, sem hampaði sænska meistaratitlinum, vann deildina á sannfærandi hátt. Íslenskir leikmenn voru einnig á meðal bikarmeistara Örebro, en það voru þær Ólína G. Viðarsdóttir og Edda Garðarsdóttir. Guðbjörg Gunnarsdóttir stóð í marki Djurgården, sem tapaði í úrslitaleik bikarsins á móti Örebro.

Þórunn Helga Jónsdóttir lék áfram með brasilíska liðinu Santos, gegnir þar lykilhúttverki og hefur unnið til fjölmargra verðlauna með þessu fræga félagi í Brasilíu.

Sif Atladóttir gekk til liðs við 1. FC Saarbrücken í Þýskalandi. Hún festi sig fljótt í sessi og hefur leikið í hjarta varnar liðsins við afar góðan orðstír.

Hólmfríður Magnúsdóttir lék með bandaríska liðinu Philadelphia Independence og átti fast sæti í byrjunarliðinu allt tímabilið. Lið Philadelphia fór alla leið í úrslitaleik bandarísku deildarinnar, en beið þar lægri hlut fyrir FC Gold Pride.

HEIÐAR KOMINN Í 50 LEIKJA KLÚBBINN

Heiðar Helguson náði þeim áfanga á árinu að leika sinn 50. A-landsleik fyrir Íslands hönd. Áfanganum náði hann í leik gegn Noregi á Laugardalsvelli í undankeppni EM 2012, og hélt upp á daginn með því að skora mark Íslands í leiknum.

12 LEIKMENN KOMU VIÐ SÖGU HJÁ BÆÐI A OG U21

44 leikmenn léku með A-landsliði karla og 6 að auki voru í hóp í einum eða fleiri leikjum ársins, en komu ekki við sögu. Alls komu 12 leikmenn við sögu hjá bæði A og U21 landsliðum karla á árinu, þ.e. léku leiki með báðum liðum. Fjórdungur þeirra leikmanna sem léku með A-liðinu var því gjaldgengur í U21 liðið á árinu. Allir þessir 12 leikmenn eru á meðal þeirra 26 leikmanna sem komu við sögu í U21 leikjum ársins. Þá komu 63 leikmenn við sögu hjá yngri landsliðunum, en þess ber þó að geta að nokkrir þessara leikmanna léku með tveimur yngri landsliðum (U17/U18 eða U18/U19) á árinu. Alls tóku því vel á annað hundrað leikmanna þátt í karlalandsliðs- verkefnum ársins.

Á árinu 2010 voru haldnar 56 æfingar hjá yngri landsliðunum (U17 og U19) og til þeirra boðaðir alls 273 leikmenn fæddir 1992-1995 úr 45 íslenskum félögum.

A LANDSLIÐ KVENNA

Sigurður Ragnar Eyjólfsson lauk sínu fjórða ári sem þjálfari A-landsliðs kvenna, en hann hóf störf í janúar 2007. Guðni Kjartansson var sem fyrr aðstoðarþjálfari Sigurðar.

Fyrsta verkefni ársins var Algarve Cup í Portúgal. Fyrsti leikurinn var gegn Bandaríkjunum og tapaðist hann 0-2, en íslenska liðið fór illa með mörg dauðafæri, meðal annars tvær vítaspurnur. Annar leikur liðsins var gegn Svíþjóð og tapaðist hann 1-5. Tap varð einnig niðurstaðan í þriðja leiknum, 2-3 gegn Noregi, og lék íslenska liðið því um 9.-10. sæti mótsins við Portúgal, þar sem öruggur 3-0 sigur vannst.

Í lok mars var röðin komin að tveimur leikjum í undankeppni HM 2011, báðir leikir gegn þjóðum af Balkanskaganum. Fyrri leikurinn var 2-0 sigur á Serbíu og sá seinni öruggur 3-0 sigur á Króatíu. Í júní voru leiknir tveir heimaleikir í undankeppni HM. Fyrri leikurinn var gegn Norður-Írum og vann Ísland 2-0. Síðari leikurinn var 3-0 sigur gegn Króatíu. Þriðji heimaleikur sumarsins var síðan gegn Frökkum í ágúst, algjör úrslitaleikur. Íslenska liðið þurfti að vinna leikinn 3-0 til að tryggja sér sæti í umspili fyrir úrslitakeppni HM vegna úrslita úr fyrri viðureign liðanna í keppninni. Skemmst er frá því að segja að það tókst ekki og unnu Frakkar leikinn 1-0. Íslenska liðið kláraði riðlakeppnina með öruggum 5-0 sigri á Eistlandi ytra í lok ágúst og hafnaði því í öðru sæti riðilsins á eftir Frökkum, og voru einu stigin sem íslenska liðið tapaði í þessari undankeppni

einmitt tveir tapleikir gegn þeim frönsku. Aðeins eitt lið komst upp úr riðlinum og því voru stelpurnar okkar úr leik að þessu sinni.

Lokastaðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Frakkland	10	10	0	0	50-0	50	30
2 Ísland	10	8	0	2	33-3	30	24
3 Norður-Írland	10	3	2	5	8-16	-8	11
4 Eistland	10	3	1	6	7-44	-37	10
5 Serbía	10	2	3	5	7-19	-12	9
6 Króatía	10	0	2	8	4-27	-23	2

Í lok árs skrifaði Sigurður Ragnar undir nýjan samning um þjálfun A-landsliðs kvenna og gildir sá samningur til ársloka 2012.

U19 LANDSLIÐ KVENNA

Ólafur Þór Guðbjörnsson þjálfaði U19 lið kvenna, eins og hann hefur gert allveg síðan 1999.

Í apríl lék U19 landslið kvenna skipað leikmönnum fæddum 1991 og síðar í milliriðlum EM og fór riðill Íslands fram í Sochi í Rússlandi. Óhætt er að segja að aðstæður hafi verið frábrugðnar því sem leikmenn íslenska liðsins eiga að venjast, hitinn allveg gríðarlegur, og setti það strik í reikninginn þegar leið á mótið. Íslenska liðið byrjaði vel með 3-2 sigri á Spánverjum. Annar leikur liðsins var gegn heimamönnum, Rússum og töpuðum við leiknum naumlega 0-1. Þriðji leikur liðsins var lykilleikur fyrir okkar lið. Með hagstæðum úrslitum í hinum leik riðilsins hefði sigur gegn Tékkum skilað íslenska liðinu í úrslita-keppni EM. Úrslit í hinum leiknum féllu með íslenska liðinu en það dugði ekki til, orka íslenska liðsins var þrotin og tapaði liðið 1-2 fyrir Tékkum á sama tíma.

Seinni partinn í júlí héldu yngri landslið kvenna til Færeyja og léku þar gegn heimamönnum. Fyrri leikur liðs U19 kvenna (leikmenn fæddir 1992 og síðar) var leikinn í

Klaksvík og sigraði íslenska liðið örugglega í leiknum, 6-0. Síðari leikurinn var leikinn í Fuglafirði og í þetta sinn vann Ísland 7-0. Í september lék liðið í undankeppni EM við frábærar aðstæður í Búlgaríu. Ísland vann 2-0 sigra í fyrstu tveimur leikjunum, gegn Búlgaríu og Ísrael. Lokaleikur riðilsins var gegn Úkraínu og innsiglaði Ísland þar sigur sinn í riðlinum og þátttöku í milliriðlum EM í Wales í apríl 2011 með því að vinna leikinn 4-0. Með Íslandi í milliriðlinum eru landslið Tyrklands, Þýskalands og Wales.

Lokastaðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Ísland	3	3	0	0	8-0	8	9
2 Úkraína	3	2	0	1	3-5	-2	6
3 Ísrael	3	1	0	2	5-5	0	3
4 Búlgaría	3	0	0	3	1-7	-6	0

U17 LANDSLIÐ KVENNA

Þorlákur Árnason var á sínu öðru ári með liðið, en hann tók við stjórnartaumunum hjá U17 kvenna í byrjun árs 2009.

Í byrjun júlí fór fram Norðurlandamót stúlkna í Danmörku og voru liðin skipuð leikmönnum fæddum 1994 og síðar. Íslenska liðið byrjaði með góðum 1-0 sigri á Finnlandi, en tapaði með sama mun gegn Þýskalandi í miklum baráttuleik. Þriðji leikur liðsins var glæsigur sigurleikur gegn Svíum, 3-2. Niðurstaðan var því fjórða sæti í Norðurlandamótinu og gaf það góð fyrirheit fyrir komandi átök.

Seinni partinn í júlí voru leiknir tveir leikir við Færeyjar og var U17 liðið svo sannarlega á skotskónum í þeim leikjum. Sigrarnir voru stórir, 8-0 og 7-0.

Líkt og U19 lék U17 í undankeppni EM í Búlgaríu, á sama leikstað. Íslenska liðið hélt uppteknum hætti í markaskorun og vann ótrúlega stórsigra í fyrstu tveimur leikjunum

– 14-0 gegn Litháen og 10-0 gegn Búlgaríu. Íslenska liðið vann líka stóran sigur í lokaleiknum, en þó ekkert í líkingu við þá tvo fyrri, þegar liðið lagði Ítalíu 5-1 og tryggði sér þannig sæti í milliriðlum EM sem fram fara í Póllandi 2011. Í riðlinum eru auk Íslands, Pólland, Svíþjóð og England.

Lokastaðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Ísland	3	3	0	0	29-1	28	9
2 Ítalía	3	2	0	1	12-5	7	6
3 Litháen	3	1	0	2	1-21	-20	3
4 Búlgaría	3	0	0	3	0-15	-15	0

ÞRJÁR FÓRU YFIR 25 A-LANDSLEIKI

Þrír leikmenn kvennalandsliðsins náðu þeim áfanga að leika sinn 25. A-landsleik á árinu. Sara Björk Gunnarsdóttir og Rakel Hönnudóttir náðu áfanganum á Algarve-mótinu í byrjun árs, en Sif Atladóttir lék sinn 25. leik í síðasta heimaleik ársins, gegn Frökkum í undankeppni HM 2011.

KATRÍN HUNDRADSHÖFÐINGI

Katrín Jónsdóttir, fyrirlíði íslenska kvennalandsliðsins, lék sinn hundradasta A-landsleik á árinu og er að sjálfsögðu leikjahæsti leikmaður liðsins frá upphafi. Hundrad leikja áfanganum náði hún í 3-0 heimasigri á Króötum í undankeppni HM 2011, og hélt að sjálfsögðu upp á daginn með því að skora eitt mark. Edda Garðarsdóttir fór fram úr Ásthildi Helgadóttur sem næst leikjahæsti leikmaðurinn og hefur nú leikið 84 A-landsleiki.

PRÚDMENNSKA Í PORTÚGAL

Íslenska kvennalandsliðið hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir prúðmennsku á Algarve-mótinu,

sem fram fór í Portúgal í febrúar og mars, en liðið fékk aðeins eitt gult spjald í leikjunum fjórum, auk þess að sýna ávallt háttvísi í leik sínum og samskiptum við mótherja og dómara.

ÚRTÖKUMÓT STÚLKNA

Úrtökumót stúlkna fór fram að Laugarvatni í ágúst eins og hjá drengjunum. Á þessu úrtökumóti stúlkna komu saman á fjórða tug leikmanna og fór mótið vel fram. Úrtökumótið var haldið vegna vals á stúlkum sem eru gjaldgengar í U17 liðið 2011.

UM 60 LEIKMENN KOMU VIÐ SÖGU HJÁ U19 OG U17

Nokkru færri leikmenn tóku þátt í verkefnum yngri landsliða á árinu 2010 en árið á undan, þegar tæplega 90 leikmenn komu við sögu. Þjálfarar U17 og U19 landsliða kvenna 2010 tefldu fram u.þ.b. 60 leikmönnum samtals og skiptist það jafnt á milli liða. Aðeins einn leikmaður lék bæði með U17 og U19 á árinu.

STYRKLEIKALISTAR FIFA

A-landslið karla var í 112. sæti á styrkleikalista FIFA í lok ársins 2010 og féll því um heil tuttugu sæti frá árinu á undan, var í 92. sæti í lok árs 2009. Milli árána 2008 og 2009 féll liðið um 9 sæti. Listinn er gefinn út mánaðarlega og voru miklar sveiflur innan ársins. Liðið hóf árið í 94. sæti og klifraði upp í það 79. í júlí, en tók síðan snarpa dýfu niður í sæti 100 í ágúst, fór áfram niður um 10 sæti í september og lauk árinu sem fyrr greinir í 112. sæti. Ef aðeins Evrópuþjóðir eru teknar með í reikninginn er Ísland í 45. sæti í lok árs.

A-landslið kvenna var í 17. sæti í lok árs á styrkleikalista FIFA fyrir kvinnalandslið sem gefinn er út þrisvar sinnum á ári, og hækkaði því um eitt sæti milli ára, eins og árið á undan. Í apríl 2010 náði Ísland reyndar sinni hæstu stöðu á listanum frá því hann var fyrst gefinn út, þegar liðið var í 16. sæti. Hreyfingar innan ársins voru að venju heldur litlar, sérstaklega í efri hlutanum, og íslenska liðið var í sætum 16-18 allt árið. Ef aðeins Evrópuþjóðir eru teknar með í reikninginn er Ísland í 10. sæti í árslok 2010.

LANDSLEIKJUM FÆKKAR UM 10 MILLI ÁRA

Árið 2009 var metár í fjölda leikja hjá landsliðum Íslands og því mátti búast við fækkun milli ára nú. Fækkunin nemur 10 leikjum og léku því liðin samanlagt 56 leiki á árinu 2010. Landsleikirnir skiptast þannig niður á liðin:

<i>A landslið karla:</i>	9 leikir
<i>U21 karla:</i>	5 leikir
<i>U19 karla:</i>	5 leikir
<i>U18 karla:</i>	3 leikir
<i>U17 karla:</i>	7 leikir
<i>A landslið kvenna:</i>	10 leikir
<i>U19 kvenna:</i>	8 leikir
<i>U17 kvenna:</i>	9 leikir

NÝIR LANDSLEIKJADAGAR

Framkvæmdastjórn FIFA ákvað árið 2009 að framvegis yrðu landsleikjadagar á þriðjudögum í stað miðvikudaga áður. Hingað til hafa alþjóðlegir landsleikjadagar verið annars vegar á föstudögum eða laugardögum og svo á miðvikudögum. Frá og með september 2010 hafa því leikir í undankeppni EM 2012 farið fram á þessum dögum.

GYLFI OG HÓLMFRÍÐUR KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

Leikmannaval KSÍ valdi Gylfa Þór Sigurðsson og Hólmfríði Magnúsdóttur knattspyrnufólk ársins 2010 og var tilkynnt um valið í desember. Þetta er í 7. skipti sem knattspyrnufólk ársins er sérstaklega útnefnt af KSÍ. Það eru fjölmargir aðilar, m.a. fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn í knattspyrnuhreyfingunni, er velja knattspyrnufólk ársins. Veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin hjá körlum og konum. Þau Gylfi og Hólmfríður komust jafnframt á lista 10 efstu í kjöri Samtaka Íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins. Gylfi hafnaði þar í öðru sæti og Hólmfríður í því níunda.

Gylfi Þór Sigurðsson hefur svo sannarlega átt eftirminnilegt ár á knattspyrnuvelli. Hann varð einn af markahæstu mönnum í ensku Championship-deildinni á síðasta tímabili þegar hann gerði 17 mörk í 38 leikjum fyrir Reading. Hann var valinn besti leikmaður deildarinnar í aprílmánuði og í lok tímabilsins var hann útnefndur leikmaður ársins hjá Reading. Þýska úrvalsdeildarliðið Hoffenheim keypti Gylfa í lok ágúst fyrir háa fjárhæð og þar hefur hann byrjað ákaflega vel. Gylfi lék sína fyrstu þrjú A-landsleiki á árinu, og var í byrjunarliði í þeim öllum. Þá var hann lykilmáður í U21 landsliðinu sem tryggði sér eftirminnilega sæti í úrslitakeppni EM í Danmörku. Hann lék 3 leiki með því liði á árinu og skoraði þrjú glæsileg mörk.

Hólmfríður Magnúsdóttir var fastamaður í liði Philadelphia Independence í bandarísku atvinnumannadeildinni. Liðið kom nokkuð á óvart og stóð uppi í lok tímabilsins með silfurverðlaunin í höndunum. Hólmfríður lék nánast allar stöður á velli á þessu

tímabili með Philadelphia en mest þó í bakverðinum, eitthvað sem er ný staða fyrir Hólmfríði en hún leysti hana með þrýði. Sem fyrr var Hólmfríður einn af lykilleikmönnum íslenska landsliðsins. Hún lék nú landsleiki á árinu og skoraði í þeim sjö mörk. Hún er nú orðin þriðja markahæsta landsliðskonan frá upphafi, hefur skorað 22 mörk í 59 landsleikjum.

ÍSLAND Í EVRÓPUKEPPNI LANDSLIÐA Í FUTSAL

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í september að senda landslið til leiks í undankeppni Evrópumótsins í Futsal. Riðlar forkeppinnar fóru fram í janúar og var einn slíkur riðill haldinn hér á landi. Úrslitakeppnin fer að þessu sinni fram í Króatíu 2012 og Spánverjar eru núverandi handhafar titilsins. Þetta er í fyrsta skiptið sem íslenskt landslið tekur þátt í verkefnum í Futsal en fyrsta Íslandsmótið í þessari íþrótt fór fram árið 2008. Þrjú íslensk félagsslið hafa tekið þátt í Evrópukeppni félagssliða, Víðir, Hvöt og Keflavík. Riðill Keflavíkur var leikinn hér á landi í ágúst-mánuði og þótti framkvæmdin takast mjög vel.

Í nóvember var svo Willum Þór Þórsson ráðinn fyrsti landsliðsþjálfari Íslands í Futsal, og náði ráðningin fram yfir forkeppnina í janúar. Willum Þór er gríðarlega reynslumikill þjálfari sem hefur einnig sýnt Futsal mikinn áhuga. Hann stýrði Val til sigurs í Íslandsmótinu í Futsal 2008 og endurtók leikinn með Keflavík 2010. Þá stýrði hann Keflavík í Evrópukeppni félagssliða í Futsal í ágúst 2010. Í desember var tilkynnt um val á tæplega 30 leikmönnum í æfingahóp til undirbúnings fyrir riðilinn í forkeppninni og voru 14 leikmenn svo valdir í sjálfan landsliðshópinn.

Riðill Íslands í forkeppninni var leikinn að Ásvöllum í Hafnarfirði. Óhætt er að segja að árangurinn í þessari forkeppni hafi komið nokkuð á óvart. Íslenska liðið sýndi svo um munaði að það getur spilað þrýðilega í Futsal og hafnaði í 2. sæti riðilsins með 6 stig eftir öruggan 6-1 sigur á Armenum og 5-4 sigur gegn Grikkjum í lokaumferðinni. Ósigur í fyrsta leik, 4-5 í spennandi leik gegn Lettum, gerði það að verkum að Lettarnir unnu riðilinn með fullt hús stiga og verður að segjast eins og er að þeir áttu efsta sætið skilið, voru einfaldlega með besta liðið. Grikkir höfnuðu í þriðja sæti og Armenar í því neðsta, bæði lið með 1 stig.



EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

MEISTARAEILD UEFA

Íslandsmeistarar FH féllu úr keppni í 1. umferð forkeppni Meistaradeildar UEFA eftir tap gegn BATE Borisov frá Hvíta-Rússlandi. Fyrri leikurinn fór fram ytra og lauk honum með 5-1 sigri heimaliðsins. Síðari leikurinn fór fram í Kaplakrika og þar sigruðu Hvít-Rússarnir einnig, að þessu sinni með eina marki leiksins.

EVROPUDEILD UEFA

Þrjú íslensk lið léku í Evrópudeild UEFA að þessu sinni – VISA-bikarmeistarar Breiðabliks, Fylkir og KR.

Fylkir og KR hófu leik í 1. umferð forkeppinnar. Fylkismenn féllu úr leik eftir tvær viðureignir við FC Torpedo Zhodino frá Hvíta-Rússlandi. Fyrri leikurinn fór fram

ytra og þar unnu heimamenn 3-0 sigur. Í síðari leiknum skoruðu Hvít-Rússarnir þrjú mörk gegn einu marki Fylkis. KR-ingar komust í 2. umferð forkeppinnar með því að leggja Norður-Írana í Glentoran 3-0 á KR-vellinum og gera svo jafntefli á The Oval í Belfast. Í 2. umferðinni voru mótherjarnir Karpaty Liviv frá Úkraínu. Þriggja marka tap á heimavelli gerði vonir KR-ingar nokkurn veginn að engu og þrátt fyrir góða frammistöðu í seinni leiknum í Úkraínu tapaðist hann einnig, 2-3, og KR-ingar þar með úr leik.

Bikarmeistarar Breiðabliks hófu leik í 2. umferð forkeppinnar og luku jafnframt keppni þar eftir tvær hörkuvíðureignir við skoska liðið Motherwell, sem hafði 1-0 sigur í báðum leikjunum.

MEISTARAEILD KVENNA

Breiðablik og Valur tóku þátt í UEFA Meistaradeild kvenna á árinu. Þetta var í fyrsta sinn sem Ísland á tvo fulltrúa í þessari keppni og sýnir það vel vasklega framgöngu íslenskra félagssliða í þessari keppni á síðustu árum.

Breiðablik hóf leik í forkeppni þar sem leikið var í fjögurra liða riðli sem fram fór hér á landi í byrjun ágúst. Blikastúlkur stóðu sig með miklum ágætum í riðlinum, unnu fyrstu tvo leiki sína og tryggðu sér 2. sæti riðilsins og þar með sæti í 32-liða úrslitum með æsispennandi 3-3 jafntefli við franska liðið FCF Juvisy Essonne í lokaumferðinni. Í 32-liða úrslitum, þar sem leikið er heima og heiman, vildi þannig til að þessi tvö lið drógust aftur saman og þá höfðu þær frönsku betur og unnu samanlagt 9-0.

Valsstúlkur komu inn í keppnina í 32-liða úrslitum og léku gegn spænska liðinu Rayo Vallecano. Fyrri leikurinn var á Spáni og þar

unnu heimastúlkur með þremur mörkum gegn engu, en jafntefli varð niðurstaðan í síðari leiknum, á Vodafone-vellinum að Hlíðarenda.

KEFLAVÍK LÉK Í FUTSAL-BIKAR UEFA Á ÍSLANDI

Keflavík tók þátt í UEFA-bikar félagsliða í Futsal (UEFA Futsal Cup) í ágúst, og fór riðillinn fram hér á landi, nánar tiltekið að Ásvöllum í Hafnarfirði. Keflvíkingar unnu það afrek að landa fyrsta sigri íslensks félagsliðs í UEFA-bikarnum í Futsal með því að leggja Vimmerby IF frá Svíþjóð í fyrstu umferð 10-6. Skömmu áður höfðu CF Eindhoven frá Hollandi og franska liðið KBY France gert 3-3 jafntefli í jöfnum og spennandi leik. Þessi tvö síðarnefndu lið reyndust hafa mikla yfirburði yfir Keflavík og Vimmerby, enda unnu þau stóra sigra í seinni tveimur umferðunum. KBU France var eilítið duglegra í markaskorun og hafnaði í efsta sæti riðilsins, en Keflvíkingar höfnuðu í 3. sæti.

.....

MANNVIRKJAMÁL

ÞRJÁR NÝJAR STÚKUR

Á árinu var tekin í notkun ný áhorfendastúka við Selfossvöll. Stúkan rúmar 750 manns í sæti og er öll hin glæsilegasta. Þá var tekin í notkun ný stúka við Ásvelli í Hafnarfirði, á svæði Hauka, sem rúmar 500 manns og ný stúka reis við Njarðtaksvöllinn í Njarðvík, sem rúmar einnig um 500 manns. Þá var tekinn í notkun nýr gervigrasvöllur hjá Sindra á Hornafirði, hálfur keppnisvöllur.

ÚTHLUTAÐ ÚR MANNVIRKJASJÓÐI Í ÞRIÐJA SINN

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í maí að úthluta 31 milljón króna úr mannvirkjasjóði KSÍ, en þetta er í þriðja skiptið sem úthlutað er úr sjóðnum. Alls var úthlutað til 12 verkefna í þetta skipti og hafa umsóknir aldrei verið fleiri, eða 19 talsins. Sjóðnum er ætlað að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirkja til þess að skapa iðkendum, stjórnendum, áhorfendum, fjölmiðlum og öðrum sem besta aðstöðu. Eftirfarandi styrkir voru veittir á árinu:

Umsókn	Verkefni	Styrkur
Fjarðabyggð	Eskifjarðarvöllur	2mkr
Hamar	Áhorfendastúka	0,5mkr
Selfoss	Stúka-keppnisv.	10mkr
Kormákur	Gras á malarvöll	1mkr
Haukar	Áhorfendastúka	2mkr
Magni	Keppnisv.-æfingasv.	2mkr
Keflavík	Keppnisv.-æfingasv.	5mkr
Njarðvík	Áhorfendastúka	3mkr
Sindri	Gervigr.-æfingaaðst.	3mkr
Grindavík	Búningsklefar	1mkr
Hvöt	Blönduósvöllur	0,5mkr
Landb.hásk.	Upphíttunartilraun	1mkr

KNATTSPYRNUHÚS Í VESTMANNAEYJUM

Knattspyrnuhús reis í Vestmannaeyjum á árinu og fjölgar því enn knattspyrnuhúsum á landinu. Húsið, sem var tekið í notkun um miðjan desember, er staðsett við Hásteinsvöll og er með velli í hálfri stærð. Þessi framkvæmd gjörbyltir að sjálfsögðu allri aðstöðu til æfinga í Eyjum.

BÆKLINGUR UM UPPBYGGINGU OG VIÐHALD GRASS

Í upphafi árs 2010 kom út veglegur bæklingur um uppbyggingu og viðhald grass á knattspyrnuvöllum, og var hann kynntur og honum dreift á knattspyrnuþingi 2010. Í bæklingnum er farið yfir grunnþætti varðandi uppbyggingu grassvalla og hvernig þeim verður best haldið við, til að gefa vallarstjórum og öðrum þeim sem fást við þetta

verkefni betri innsýn í hlutverk sitt og gera þeim auðveldara að leita sér frekari þekkingar.

BÆKLINGUR UM BYGGINGU KNATTSPYRNULEIKVANGA

Í júlímánuði gaf KSÍ út bækling sem hefur að geyma leiðbeinandi upplýsingar um byggingu knattspyrnuleikvanga á Íslandi. Bæklingur þessi er gefinn út til að kynna þá umgjörð fyrir knattspyrnuleiki sem hentar við íslenskar aðstæður og sómi er að fyrir knattspyrnufélög og sveitarfélög. Markmiðið er að skapa skemmtilegt og vinsamlegt umhverfi fyrir knattspyrnuunnendur, jafnt leikmenn sem áhorfendur. KSÍ hefur á undanförunum árum mótað þessa umgjörð í formi reglugerðar og vill með bæklingnum hjálpa og styðja við knattspyrnufélögin í landinu við sjálfa uppbygginguna.

NÁMSKEIÐARÖÐ Í GRASVALLAFRÆÐUM

KSÍ kemur að námskeiðaröð sem nefnist "*Betri vellir*", en samningar þess efnis voru undirritaðir í mars. Með þessari námskeiðaröð er markmiðið að gera menn betur búna til þess að sjá um viðhald grass- og gerviefnavalla. Að námskeiðaröðinni koma, auk KSÍ, SÍGÍ (Samtök íþrótt- og golfvallastarfsmanna á Íslandi), Gólf samband Íslands, Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur og Landbúnaðarháskóli Íslands. Það er Landbúnaðarháskólinn sem sér um framkvæmd námskeiðanna sem og skipulagningu og ut anumhald kennslunnar, og voru fyrstu námskeiðin haldin síðsumars.

.....

FRÆÐSLA OG ÚTBREIÐSLA

NÁMSKEIÐAHALD

Áfram var metþátttaka á námskeiðum KSÍ á starfsárinu. Það sem var ólíkt þróun síðustu ára er að mun meiri fjöldi þjálfara en áður er að taka efri þjálfarastig KSÍ. Þannig voru um 60 umsækjendur um 28 pláss á KSÍ VI námskeiðinu og sprenging varð í þáttökufjölda á KSÍ III (126 í stað 74 þátttakenda í fyrra). Haldin voru 11 KSÍ þjálfaranámskeið, 4 endurmenntunarnámskeið og 5 súpufundir á árinu, eða alls 20 fræðsluviðburðir á vegum KSÍ, en það er líka met í fjölda viðburða. Alls mættu 825 þjálfarar á fræðsluviðburðina, sem er um 25% aukning frá fyrra ári sem þó var metár.

Haldin voru mörg endurmenntunarnámskeið fyrir þjálfara sem hafa lokið við KSÍ-A gráðu. Endurmenntunarnámskeiðin voru vel sótt og almennt er staðan á endurmenntun mjög góð þannig að þjálfarar eru duglegir að viðhalda sinni menntun. KSÍ bauð upp á nýjung í endurmenntun með því að taka viðtöl við toppþjálfara og setja á fræðsluvef KSÍ. Þannig gátu þjálfarar utan höfuðborgarsvæðisins sparað sér ferðakostnað en samt fengið endurmenntun. Þjálfurum bauðst einnig að fylgjast með æfingum hjá öðrum þjálfurum og skila inn skýrslu því til staðfestingar.

SJÖ MEÐ UEFA PRO GRÁÐU

KSÍ hefur undanfarin ár átt í samstarfi við enska knattspyrnu-sambandið og hefur KSÍ þann kost að senda tvær umsóknir um þátttöku á UEFA Pro þjálfaranámskeiði í Englandi. Í lok júní útskrifuðust tveir íslenskir þjálfarar með UEFA Pro þjálfaragráðu

þaðan. Það voru þeir Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, og Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram. Við sama tilefni var nýtt UEFA Pro námskeið sett af stað þar sem Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, er meðal þátttakenda. Fjórir Íslendingar hafa nú útskrifast með UEFA Pro þjálfaragráðu frá Englandi, en auk þeirra Willums og Þorvaldar hafa Guðjón Þórðarson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson báðir útskrifast með UEFA Pro þjálfaragráðu þaðan. Íslendingar með UEFA Pro þjálfaragráðu eru því orðnir sjö talsins, en auk áður nefndra aðila eru þeir Atli Eðvaldsson, Teitur Þórðarson og Zeljko Óskar Sankovic með þessa æðstu þjálfaragráðu í Evrópu.

MIKILVÆGUR FRÆÐSLUVEFUR

Fræðsluvefur KSÍ á www.ksi.is er orðin veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast mjög þjálfurum í námi og starfi.

KÞÍ 40 ÁRA

Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands (KÞÍ) hélt upp á 40 ára afmæli sitt á árinu og blés félagið til afmælisráðstefnu í samvinnu við KSÍ. Ráðstefnan fór fram í höfuðstöðvum KSÍ í nóvember. Margir góðir gestir sóttu ráðstefnuna, innlendir jafnt sem erlendir, og voru fyrirlestrar fluttir um ýmislegt efni tengt knattspyrnuþjálfun.

4,5% IÐKENDAAUKNING MILLI ÁRA Í KNATTSPYRNU

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum og eru sem fyrr langflestir iðkendur hjá KSÍ. Tölur sem birtar eru í

árslok 2010 eru fyrir árið 2009. Skráðum iðkendum í knattspyrnu fjölgað um 4,5% milli ára og voru iðkendur árið 2009 um 20.100 talsins. Þetta er fjölgun um tæplega 900 frá árinu á undan. Stúlkum fjölgaði um rúmlega 400 og drengjum um tæplega 600.

Geta má þess að í tölum ÍSÍ er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda sem leika í utandeildum, eða þeim sem leika t.d. hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsubótar. Í tölum ÍSÍ er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá íþróttafélögunum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra. Næst flestir iðkendur samkvæmt tölum ÍSÍ eru í golfi (15.800) og hestaíþróttum (11.500), en þetta er einu greinarnar þar sem iðkenda fjöldinn fer yfir 10.000. Næstu greinar eru fimleikar (7.500), handknattleikur (7.000) og körfuknattleikur (6.600).

KVENNAKNATTSPYRNU KYNNT Á UEFA RÁÐSTEFNU

KSÍ er þátttakandi í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA sem nefnist *UEFA study group scheme*. Verkefnið snýst um að kynnast ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum löndum Evrópu og var leitað til KSÍ um að kynna sérstaklega uppbyggingu og framþróun íslenskrar kvennknattspyrnu og þá starfsemi sem fram fer innan KSÍ og hjá aðildarfélagunum. Tvær slíkar ráðstefnur voru haldnar hér á landi á árinu og voru fulltrúar þriggja erlendra knattspyrnu-sambanda þátttakendur í hvort skipti. Fyrri ráðstefnan fór fram í janúar og voru gestirnir frá Austurríki, Færeyjum og Portúgal. Seinni ráðstefnan fór síðan fram í september og voru gestirnir þá frá Norður-Írlandi, Kýpur og Ítalíu.

KSÍ sendi einnig fulltrúa Íslands á erlenda grundu á nokkrar ráðstefnur í *UEFA Study Group Scheme* á árinu. Tíu fulltrúum aðildarfélaganna og einum fulltrúa KSÍ var boðið til Hollands að kynna sér afreksþjálfun ungra leikmanna hjá hollenska knattspyrnusambandinu í febrúar. Ellefu fulltrúum KSÍ og aðildarfélaganna var boðið til Englands að kynna sér grasrótarknattspyrnu hjá enska knattspyrnusambandinu um mánaðamótin nóv./des.

STYRKIR KSÍ TIL FRÆÐSLUMÁLA

KSÍ veitti 10 styrki til fræðslumála á árinu, eins og árið á undan. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Icelandair og til baka og mikill fjöldi umsókna barst. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ.

Þrír þjálfarar hlutu styrk til að fara á árlega ráðstefnu bandaríska þjálfarafélagsins, og einn þjálfari hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá AZ Alkmaar í Hollandi. Þrír þjálfarar hlutu styrki til að sækja Pro licence námskeið í Englandi og einn til að sækja Pro licence námskeið í Danmörku.

TÆKNISKÓLI KSÍ

Fræðsludeild KSÍ vann á árinu að upptökum og útgáfu á DVD disk sem er ætlaður til að hvetja börn og unglinga í knattspyrnu til að æfa sjálf aukalega. Diskurinn er stútfullur af æfingum sem eru ætlaðar til að bæta knatttækni leikmanna ásamt hvetjandi viðtölum við leikmenn A-landsliða karla og kvenna og myndbrotum úr landsleikjum. Upplag disksins er 20.000 eintök og KSÍ stefnir á að gefa

öllum börnum og unglingum sem æfa knattspyrnu eintak af honum.

KNATTÞRAUTIR KSÍ 2010

Einar Lars Jónsson stjórnaði knattþrautaátaki KSÍ síðastliðið sumar. Iðkendur í 5. flokki karla og kvenna voru heimsóttir um allt land og settar voru upp knattþrautir fyrir flokkana. Einar Lars heimsótti 53 aðildarfélög og alls tóku um 2000 strákar og stelpur þátt í knattþrautunum. Börnunum voru gefin góð ráð, þau hvött til dáða, og spjallað við þau um hvað þarf til að ná langt í knattspyrnu. Þetta knattþrautaátak KSÍ fékk mjög góðar viðtökur hjá aðildarfélagunum. Hvert og eitt félag tilnefndi einn dreng og eina stúlku sem höfðu verið duglegust að æfa sig í tækniæfingum yfir sumarið til að taka á móti verðlaunum á A-landsleik um haustið. Alls voru það 49 strákar og 43 stelpur sem tóku þar á móti viðurkenningu.

KNATTSPYRNUSKÓLI KSÍ

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru fram að Laugarvatni. Hjá drengjunum fór skólinn fram 14.-15. júní og hann sóttu 48 drengir. Freyr Sverrisson var skólustjóri eins og síðustu ár, og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Skóli stúlkanna fór fram dagana 7.-11. júní og sóttu hann 40 stúlkur. Þorlákur Árnason var skólustjóri og honum til aðstoðar voru Íris Björk Eysteinsdóttir, Bóel Kristjánsdóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnuskólana.

GÆÐAVOTTUN KNATTSPYRNUSKÓLA FÉLAGA

Gefin eru út gæðavottorð KSÍ og UEFA fyrir knattspyrnuskóla félaga. Félögin fylgja ákveðnum

leiðbeiningum við uppsetningu knattspyrnuskóla sinna, sem gefnar eru út af KSÍ. Starfsmenn KSÍ fóru í þá knattspyrnuskóla sem óskuðu eftir úttekt og mátu gæði starfseminnar. Af þeim félögum sem sóttu um gæðamat stóðust sjö allar kröfur og fengu vottun – Breiðablik, Fjölnir, Valur, Þróttur R., Grótta, HK og Víkingur R. Þau þrjú síðastnefndu voru einnig með gæðavottun á knattspyrnuskólum sínum árið 2009.

UEFA KYNNINGARFUNDUR UM FUTSAL

Keflvíkingar réðust í það metnaðarfulla verkefni á árinu að halda undanriðil í Evrópukeppni félagsliða í Futsal (UEFA Futsal Cup). Var hér um viðamikilið verkefni að ræða hjá Keflvíkingum og sýndu þeir mikinn metnað og dugnað við framkvæmdina. Af þessu tilefni komu tveir fulltrúar UEFA sem sjá um útbreiðslu Futsal til landsins og héldu kynningarfund um Futsal. Kynntir voru möguleikar Futsal og hvað hægt er að gera til að auka útbreiðslu íþróttarinnar.

GRASRÓTARSÁTTMÁLINN

Framkvæmdastjórn UEFA tilkynnti í mars að grasrótastarf KSÍ hefði fengið úthlutað fjórðu stjórnunni af fimm, en stjarnan er gefin m.a. fyrir átaksverkefni í knattspyrnu fyrir fatlaða. KSÍ var samþykkt inn í Grasrótarsáttmála UEFA árið 2008 og var þá 30. þjóðin til að ná inn í þann sáttmála. Unnið er eftir stjórnkerfi og byrjar hver þjóð með eina stjórnunni við inngöngu. Grasrótastarf getur verið af margvíslegum toga og eru það aðildarfélög KSÍ sem bera þungann af þessu starfi með margvíslegum hætti í hreyfingunni. Unnið er að því að fá stjórnunni fimm, en til að það náist þarf KSÍ að koma betur að einstökum grasrótarviðburðum

óskráðra leikmanna, skólamótum, o.fl.

VIÐURKENNINGAR FYRIR GRASRÓTARSTARF

ÍA hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótarviðburð ársins 2010 - Norðurálmótið, sem hefur um árabíl verið haldið með miklum glæsibrag. FH fékk viðurkenningu fyrir grasrótarviðburð ársins hjá fötluðum vegna knattspyrnumóts Special Olympics sem haldið var í Risanum. KS fékk viðurkenningu fyrir Þæjumótið sem besta grasrótarviðburð stúlkna.

HEIMSÓKNIR OG FYRIRLESTRAR

Starfsmenn, leikmenn landsliða og þjálfarar fóru vítt og breitt um landið á árinu, fóru á æfingar hjá félögum og héldu fyrirlestra. Meðal annars fóru Ólafur Jóhannesson landsliðþjálfari karla og Gunnar Jarl Jónsson dómari til Reyðarfjarðar og voru með fyrirlestra í knattspyrnuakademíu Fjarðabyggðar og Guðlaugur Gunnarsson og Hólmfríður Magnúsdóttir fóru til Súðavíkur og Ísafjarðar og heimsóttu þar unga iðkendur.

•••••

SAMFÉLAGSLEG VERKEFNI

ARNA ÝR AÐSTOÐAÐI Á SKRIFSTOFU KSÍ

Arna Ýr Jónsdóttir er nemandi á starfsbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti sem hefur mjög mikinn áhuga á fótbolta. Brautin býður upp á fjögurra ára framhaldsnám fyrir nemendur með sérþarfir sem lokið hafa grunnskólanámi.

Starfsnámið er verklegt nám og tengist hinum ýmsu námsgreinum brautarinnar og vinnustöðum á Reykjavíkursvæðinu. Mikil áhersla er lögð á að velja starfsnámsstaði út frá áhugasviði þeirra og óskaði Arna Ýr eindregið eftir því að komast í starfsnám til KSÍ. Hún aðstoðaði við ýmis störf á skrifstofunni alla haustönnina.

BERFÆTT Í BOLTANUM

Í maí var haldin sérstök Grasrótarvika og voru ýmsir viðburðir á dagskránni hjá öllum aðildarþjóðum UEFA. Eitt af verkefnum var "*Berfætt í boltanum*" en þar var vakin athygli á að ekki eru öll börn heimsins svo lánsöm að geta leikið knattspyrnu við ásættanlegan aðbúnað eða í viðeigandi skóbúnaði. Í raun er það þannig að mörg börn eiga ekki einu sinni skóbúnað, hvað þá takka-skó. Aðildarfélag og grunnskólar voru hvattir til þess að láta stráka og stelpur leika knattspyrnu berfætt einu sinni á æfingu eða í íþróttatíma og útskýra í leiðinni af hverju þetta var gert.

FÓTBOLTI ER FYRIR ALLA

Fótbolti er vinsælasta íþrótt heims og allir geta tekið þátt. Tækifæri fyrir fatlaða til knattspyrnuíðkunar hafa aukist hér á landi síðustu ár og er skemmst frá því að segja að iðkendum í röðum fatlaðra fjölgar stöðugt. Íslandsleikar Special Olympics, hinir 10. í röðinni, fóru fram í maí og september. Íslandsleikarnir eru samstarfsverkefni KSÍ og Íþróttasambands fatlaðra. Í maí voru Íslandsleikarnir haldnir á KR-svæðinu og í september á svæði FH í Kaplakríkanum. Íslandsleikarnir eru þó ekki einu tækifærin fyrir fatlaða til að stunda fótbolta, því t.a.m. standa bæði Stjarnan og KR fyrir skipulögum æfingum – Stjarnan er með æfingar fyrir börn

með sérþarfir og KR með æfingar fyrir fötluð börn og ungmenni og hefur árangurinn og þátttakan verið með besta móti. Fótbolti er svo sannarlega fyrir alla.

FÓTBOLTI Í GARÐINUM

Boðið var upp á ókeypis fótbolta-æfingar fyrir fullorðna nokkrum sinnum í viku í almenningsgörðum Reykjavíkur í júlí og ágúst. Hægt var að velja um að koma og einfaldlega bara spila eða taka þátt í æfingum undir handleiðslu þjálfara. Þjálfarar á æfingunum voru Daði Rafnsson (KSÍ A) og Hans Sævarsson (KSÍ B). Verkefnið var styrkt af Reykjavíkurborg og KSÍ.

BIKARDRAUMAR Í GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLUM

Árið 2009 tók Skapti Hallgrímsson, blaðamaður, að sér að skrifa sögu bikarkeppni KSÍ og var bókin, sem ber heitið *Bikardraumar*, gefin út fyrir jólin það ár. KSÍ gaf eintak af bókinni til bókasafna, grunnskóla og framhaldsskóla um allt land og mæltist sú gjöf vel fyrir. Útgáfan var vegleg og bókin um 300 blaðsíður, en auk þess fylgdi bókinni DVD-diskur með myndefni úr keppninni, mörkum úr úrslitaleikjum o.fl.

ÁFRAM AFRÍKA - LJÓSMYNDASÝNING Í KSÍ

Föstudaginn 11. júní var opnuð ljósmyndasýning Páls Stefánssonar, *Áfram Afríka*, í höfuðstöðvum KSÍ. Sýningin var áður í aðalstöðvum Sameinuðu Þjóðanna í New York og hafði áhugamannafélagið Afríka 20:20 frumkvæði að samstarfi á milli KSÍ, Páls og bókaútgáfunnar Crymogeia um uppsetningu sýningarinnar í húsnæði KSÍ. Myndir af sýningunni er að finna í samnefndri ljósmyndabók og var

útgáfa hennar kynnt við opnunina. Ljósmyndasýningin var opin almenningi og íþróttafélögum á virkum dögum til loka ágúst-mánaðar.

SPILUM MEÐ HJARTANU

KSÍ og Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga, réðust í samstarf dagana 21.-28. september í tengslum við landssöfnun í formi merkjasölu. Gengið var úr húsi í hús og selt merki til styrktar Hjartaheillum. Ágóði af merkjasölnunni var notaður til styrktarsjóðs samtakanna til tækjakaupa á spítalana og um leið fjölskyldur hjartasjúklinga sem þurfa að dvelja frá heimili sínu þegar hjartasjúklingar eru í aðgerð heiman frá sér hérlendis eða jafnvel erlendis.

MOTTUMARS OG BLEIKA SLAUFAN

Aðstandendur verkefnisins *Mottumars*, sem gekk út á að vekja fólk til vitundar á krabbameini í körlum, leituðu til KSÍ og annarra íþróttasérsambanda um samstarf til að vekja athygli á áttakinu. KSÍ lagði að sjálfsgöðu kraft í það og fékk nokkra valinkunna leikmenn í Pepsi-deild karla til að keppa við aðra íþróttamenn, þ.e. safna yfirvaraskeggi (mottu), og metast síðan um það hverjir væru með glæsilegustu motturnar. *Mottumars* sló algjörlega í gegn, þátttakan á landsvísi var frábær og aðstandendur verkefnisins eiga hrós skilið.

Þá tók KSÍ einnig þátt í að vekja athygli á baráttunni við brjóstakrabbamein og kynnti verkefnið *Bleiku slaufuna*. Bleiki liturinn var allsráðandi á vef KSÍ í einn mánuð, eins og áður þegar þetta átaksverkefni hefur staðið yfir. Dómaratrío á einum leik í Pepsi-deild kvenna sýndi frumkvæði og lagði sitt af mörkum með því að

klæðast bleikum treyjum við dómarastörf.

BAGG ER BÖGG

KSÍ, Jafningjafræðslan og Lýðheilsustöð sneru bókum saman á árinu í baráttunni gegn notkun munntóbaks undir slagorðinu „*Bagg er bögg*“. Áttakinu er ætlað að sporna við aukinni munntóbaksnotkun hjá ungu fólki, þar sem áhersla er lögð á unga knattspyrnuíðkendur. Verkefnið var kynnt á blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ í júlí.

LEIKUR ÁN FORDÓMA

Háttvísiátakið *Leikur án fordóma*, sem er samstarfsverkefni Borgunar og KSÍ, hélt áfram á árinu. Verkefnið miðar að því að útrýma fordómum og mismunum af öllu tagi úr knattspyrnunni á Íslandi, koma í veg fyrir einelti og leggja áherslu á heiðarlegan leik. Reiknað er með að enn meiri þungi verði lagður í þetta verkefni á árinu 2011.

BOLTAR OG BÆKUR TIL MÆDRASTYRKSNEFNDAR

Mædrastyrksnefnd er á meðal þeirra samtaka sem hafa lagt sitt á vogarskálarnar til að hjálpa þeim sem eiga um sárt að binda í íslensku samfélagi vegna bágrar fjárhagsstöðu. Samtökin treysta mjög á frjáls framlög og í jólamánuðinum desember gaf KSÍ 100 knetti og 50 eintök af bókinni *Bikardraumar* til mædrastyrksnefndar og komu eflaust að góðum notum.

HERMINATOR

Herminator, góðgerðarfélag landsliðsmannsins Hermanns Hreiðarsonar, stendur fyrir hinu árlega

golfmóti *Herminator Invitational*, þar sem safnað er fé til góðra verka. Um beint fjárframlag var að ræða frá KSÍ, sem rann beint til þeirra verkefna sem Herminator styrkti að þessu sinni, en það voru Mædrastyrksnefnd, Barnaspítali Hringingsins, Blátt Áfram, Umhyggja, SOS Barnaþorp og Barnahagur Vestmannaeyjum.

SENDINGAR TIL SENEGALS OG SVASÍLANDS

Í maí fór varðskipið *Ægir* með sendingu héðan frá Íslandi til Senegals með varning fyrir börn og unglinga þar í landi. Það var ABC hjálparstarf sem stóð að sendingunni og leitaði til fyrirtækja, félagsamtaka og einstaklinga og voru undirtektir mjög góðar. KSÍ sendi bolta og fatnað til Senegal og var mikil gleði með sendinguna.

KSÍ sendi ýmsan búnað til knattspyrnuíðkunar til Svasílands í byrjun desember. Þessi sending var í samstarfi við *Save the Children* samtökin, sem vinna mikið fyrir börn um allan heim.

FRÍÐUR Í EINN DAG

Þann 21. september 2010 var alþjóðlegur dagur friðar haldinn í 12. sinn – *Peace One Day*. Markmið verkefnisins er að hvetja stríðandi fylkingar um heim allan til að leggja niður vopn í einn dag. Knattspyrnuhreyfingin um allan heim tók þátt í þessu verkefni og tileinkaði alla knattspyrnuleiki sem fram fóru þennan dag baráttunni fyrir friði í heiminum.

•••••

ANNAD

AFMÆLISFÉLÖG

Nokkur aðildarfélög átta stórafmæli á árinu. Þór á Akureyri fagnaði 95 ára afmæli með glæsilegri hátíð í júní. Breiðablik hélt upp á 60 ára afmæli sitt með því að vinna fyrsta Íslandsmeistararitil félagsins í meistaraflokki karla. Leiknir Fáskrúðsfirði hélt upp á 70 ára afmæli sitt með mikilli hátíð, og félögin tvö sem mynda KFS frá Vestmannaeyjum, Framherjar og Smástund, fögnuðu 20 ára afmæli sínu.

ÖFLUGUR VEFUR OG VIÐA-MIKILL GAGNAGRUNNUR

Notkunarmöguleikar ksi.is verða sífellt fleiri og stöðugt er unnið að endurbótum til að bregðast enn betur við upplýsingaleit notenda. Eins og gefur að skilja er umferð um vefinn þingst yfir sumartímamann og fara heimsóknir þá vel á annað hundrað þúsund í hverjum mánuði.

Myndavefur er aðgengilegur af forsiðu og veitir knattspyrnu-áhugafólki auðveldan aðgang að myndasafni KSÍ, sem telur tugþúsundir mynda frá ýmsum skeiðum íslenskrar knattspyrnusögu.

Á ksi.is er að finna gríðarlega mikið af upplýsingum um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, leikmannasamninga, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, upplýsingar um leyfiskerfið, fræðslumál og margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á vefnum og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist.

Hægt er að skoða alla landsleiki Íslands frá upphafi á vefnum, auk úrslita annarra leikja í undankeppnum stórmóta og stöðutafna. Unnið er að því að færa úrslit allra leikja í mótum meistaraflokka í mótakerfið, þannig að hægt verði að skoða úrslit og stöðutöflur aftur í tímann á vefnum. Lokið hefur verið skráningu á öllum leikskýrslum í öllum landsliðum kvenna frá upphafi og stefnt er að því að ljúka sömu vinnu fyrir karlalandsliðin sem allra fyrst.

Aðildarfélög sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að vefnum.

KSÍ Á FACEBOOK

Samskiptavefir verða sífellt þýðingarmeiri á meðal netverja og er Facebook sá samfélagsvefur sem hefur náð hvað mestri fótfestu hér á landi. KSÍ setti upp sína eigin Facebook-síðu á árinu og er markmiðið að ná til þeirra einstaklinga sem eru að öllu jöfnu ekki á meðal notenda ksi.is. Síðan hefur farið afar vel af stað og er þar t.d. hægt að fylgjast vel með landsliðunum okkar í verkefnum á erlendri grundu, innsýn inn í daglegt líf landsliðsmanna á meðan á landsliðsverkefnum stendur, ljósmyndir og kvikmyndir. Eins og þeir sem þekkja til Facebook vita geta notendur vefsins átt samskipti sín á milli og við stjórnendur vefsins á frjálsglegan hátt. Hvatt hefur verið til þess og hefur árangurinn verið afar jákvæður.

ÁTTUNDA LEYFISFERLIÐ

Leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2010 lauk seinnipart marsmánaðar með ákvörðunum leyfisráðs varðandi leyfisumsóknir félaga í Pepsi-deild karla og 1. deild karla. Leyfiskerfið var innleitt hér á landi fyrir keppnistímabilið 2003 og var

ferlið fyrir 2010 því það áttunda í röðinni. Leyfisráð samþykkti þátttökuleyfi 2010 til handa öllum umsækjendum í Pepsi-deild og 1. deild, þ.e. 24 félögum. Félögin urðu öll að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í leyfisreglugerð KSÍ. Í reglugerðinni er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, æfingaaðstöðu, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst í fjármálum. Kröfurnar sem gerðar eru til félaga í 1. deild eru að grunni til þær sömu, en í mörgum ákvæðum lægri en í Pepsi-deild. Félög sem undirgangast leyfiskerfið í fyrsta sinn fá eins árs aðlögunartíma.

Með leyfisumsókn fyrir 2010 þurfti m.a. að fylgja ársreikningur með fullri áritun endurskoðanda, auk staðfestinga á því að engin vanskil væru hjá viðkomandi félagi við leikmenn og aðra starfsmenn, eða vegna félagaskipta. Sum félög sóttu um frest til aðlögunar vegna mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur, og var sá frestur veittur gegn því að lögð væri fram áætlun um framkvæmdir og staðfesting á því að framkvæmdum yrði lokið innan setts tímaramma.

Sextán af félögum 24 fengu þátttökuleyfi án athugasemda, átta í Pepsi-deild og átta í 1. deild. Tvö Pepsi-deildarfélög voru beitt viðurlögum þar sem forsenda um aðstoðarþjálfara var ekki uppfyllt og tvö 1. deildarfélög voru beitt viðurlögum vegna dráttar á skilum á fjárhagsgögnum. Eitt félag undirgekkst leyfiskerfið í fyrsta sinn og var því á eins árs aðlögun. Rétt er að geta þess að það félag hefði ekki fengið þátttökuleyfi 2010 ef leyfisumsókn þess hefði verið tekin fyrir af fullum þunga. Þremur félögum voru veitt

Þáttökuleyfi með ákveðnum fyrirvörum vegna framkvæmda á leikvöngum þeirra. Þrjú félög í 1. deild uppfylltu allar nauðsynlegar kröfur í þeirri deild, auk þess að uppfylla allar nauðsynlegar kröfur í efstu deild.

GÆÐAVOTTUN Á LEYFISKERFINU ENDURNÝJUÐ

Um miðjan september kom hingað fulltrúi SGS, sem er alþjóðlegt matsfyrirtæki sem UEFA hefur ráðið til að gera gæðaúttekt á leyfiskerfi í öllum aðildarlöndum sambandsins (UEFA Licensing Audit). Fulltrúi SGS skoðaði vel alla uppbyggingu leyfiskerfis KSÍ, verkferla, vinnulag og fleira sem snýr að stjórnun leyfiskerfisins. Þessi úttekt SGS er árviss viðburður og var ein minniháttar athugasemd gerð við uppbyggingu leyfiskerfis KSÍ, sem úr var bætt strax í sama mánuði.

NÝ LEYFISREGLUGERÐ

Ný leyfisreglugerð tók gildi í nóvember 2010 og er unnið samkvæmt henni í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2011. Veigamesta breytingin milli ára er líklega sú að ekki er lengur krafist fullrar áritunar endurskoðanda í 1. deild. Þar er nú einungis krafist svokallaðrar könnunaráritunar. Fullrar áritunar er þó enn krafist í Pepsi-deild. Á meðal annarra breytinga má nefna að félög þurfa nú að bæta við grein um forvarnir gegn lyfjamisnotkun í uppeldisáætlanir sínar, félögum í Pepsi-deildum er gert að tilnefna sérstakan tengilið við stuðningsmenn, gerð er krafa um að 1. deildarfélög séu með samning við sjúkrapjálfa, auk ýmissa breytinga til að styrkja kröfur um menntun þjálfara bæði meistara-flokks og yngri flokka. Þá var fjárhagskafli reglugerðarinnar styrktur með ýmsum hætti. Nýja

reglugerðin, ásamt breytingum milli ára, var kynnt félögum á fundi formanna og framkvæmdastjóra og síðan á sérstökum vinnufundum með leyfisfulltrúum og endurskoðendum félaga.

UEFA hefur tekið í notkun sérstakt eftirlitskerfi með fjármálum félaga sem leika í Evrópumótum og eru þær reglur sem farið er eftir nú sérstakur hluti af leyfisreglugerðinni. Markmiðið með þessu verkefni er að tryggja fjárhagslega háttvísi (Financial Fair Play) og hvetja félög til að „keppa við tekjur sínar“, eins og það er kallað í reglugerðinni, og er þá átt við að félög geta ekki verið rekin með miklu tapi ár eftir ár ef þau ætla sér að leika í mótum á vegum UEFA. Krafan um að félög séu ekki í vanskilum við leikmenn og þjálfara, eða vegna félagaskipta, hefur verið styrkt verulega.

STARFSHÓPAR

Á ársþingi KSÍ 2010 var samþykkt að skipa 5 manna starfshóp sem ætlað var að leggja fram tillögur um aðgerðir og fylgja eftir jafnréttisáætlun KSÍ sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2008. Þremur málum sem tekin voru fyrir á ársþinginu 2010 var vísað í þennan starfshóp til umfjöllunar. Einnig var skipað tímabundið í starfshóp um útbreiðslu Futsal-innanhússknattspyrnu. Þá var starfræktur sérstakur starfshópur stjórnar KSÍ og var hlutverk hans að fylgja eftir ákvörðunum stjórnarinnar.

TRÚNAÐARSTÖRF HJÁ UEFA OG FIFA

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, situr í dómara nefnd UEFA og er annar varaformanna nefndarinnar. Lúðvík Georgsson, stjórnarmaður KSÍ og formaður leyfisráðs, er í Leyfisnefnd UEFA, Guðrún Inga

Sívertsen, gjaldkeri KSÍ, er í nefnd UEFA um kvennaknattspyrnu og loks er Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, í fjölmiðlanefnd UEFA. Ómar Smáráson, leyfis- og markaðsstjóri KSÍ er í sérstökum starfshópi UEFA um leyfismál. Viðar Halldórsson er fulltrúi Íslands í samtökum evrópskra knattspyrnufélaga (European Club Association - ECA), en þau samtök hafa það hlutverk að gæta hagsmuna knattspyrnufélaganna innan UEFA. KSÍ hefur kappkostað að vera virkt í innra starfi hjá UEFA og FIFA og er þessi nefndarskipan viðurkenning á því starfi.

KSÍ á einnig sína fulltrúa á meðal alþjóðlegra eftirlitsmanna og dómaraeftirlitsmanna. Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri KSÍ, Guðmundur Pétursson, Eggert Magnússon og Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, störfuðu sem eftirlitsmenn á ýmsum leikjum á vegum UEFA og FIFA á árinu. Gylfi Þór Orrason, varaformaður KSÍ, Eyjólfur Ólafsson, Sigurður Hannesson og G. Ingi Jónsson störfuðu sem dómaraeftirlitsmenn. Þá starfaði Gunnar Gylfason, starfsmaður KSÍ, sem vettvangsstjóri UEFA (Venue Director) á UEFA leikjum félagsliða.

STYRKUR ÚR AFREKSSJÓÐI ÍSÍ

KSÍ fékk á árinu úthlutað úr afrekssjóði ÍSÍ kr. 4.000.000 vegna A-landsliðs kvenna. Þá var KSÍ úthlutað kr. 500.000 úr Styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna vegna verkefna yngri landsliða.

STYTТА ТIL MИNNINGAR UM ALBERT GUÐMUNDSSON

Í tengslum við ársþing KSÍ í febrúar var afhjúpuð stytta til minningar um Albert Guðmundsson, en stytтан stendur fyrir utan höfuðstöðvar KSÍ. Það var Albert Guðmundsson yngri, langafabarn Alberts, sem afhjúpaði styttuna. Listamaður verksins er Helgi Gíslason en einnig kom landslagsarkitektinn Reynir Vilhjálmsson að staðsetningu verksins.

KÆRUR – ÚRSKURÐIR

Alls tók aga- og úrskurðarnefnd fyrir 5 kærur á árinu. Þá fóru fjögur mál fyrir áfrýjunardómstól KSÍ, þrjú voru áfrýjanir eftir venjubundna úrskurði aga- og úrskurðarnefndar, en ein var áfrýjun á úrskurði nefndarinnar úr kærumáli.

Keflavík kærði Njarðvík vegna leiks í Íslandsmóti eldri flokks karla (30+), þar sem Keflavík taldi að lið Njarðvíkur hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Njarðvík gert að greiða sekt.

Umf. Neisti D. kærði UMFL vegna leiks í Íslandsmóti 5. flokks karla, þar sem Neisti taldi að lið Langnesinga hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var UMFL gert að greiða sekt.

Haukar og Höttur kærðu leiki í Íslandsmóti 2. flokks karla vegna dómaramála. Í leik Hauka og Selfoss voru engir aðstoðardómarar og kærðu Haukar það til aga- og úrskurðarnefndarinnar. Fulltrúar Hattar vildu meina að dómari leiks þeirra gegn Aftureldingu hefði ekki

réttindi til að dæma leikinn og kærðu því. Í báðum tilfellum úrskurðaði nefndin að úrslit skyldu standa óhögguð.

Afturelding kærði Keflavík vegna leiks í Íslandsmóti eldri flokks karla (30+), þar sem Afturelding taldi að lið Keflavíkur hefði verið ólöglega skipað. Afturelding vildi meina að lið Keflavíkur hefði verið fullskipað lengst af, þrátt fyrir að einum leikmanni hefði áður verið sýnt rauða spjaldið og Keflvíkingar hefðu þá átt að vera einum leikmanni færri. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Keflavík gert að greiða sekt. Keflvíkingar áfrýjuðu málinu til áfrýjunardómstóls KSÍ, sem sneri niðurstöðunni og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óhögguð.

Leikmaðurinn Haukur Þorsteinsson áfrýjaði úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um 5 mánaða leikbann til áfrýjunardómstólsins, sem stytти leikbannið í 10 vikur.

Magni áfrýjaði til dómstólsins ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar um leikbann eins leikmanns síns, en málinu var vísað frá.

FH áfrýjaði úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um sekt vegna framkomu stjórnarmanns á leik félagsins. Áfrýjunardómstóllinn tók málið fyrir, féllst ekki á aðalkröfu FH en lækkaði sektina.

VIÐAMIKIÐ SAMSTARF VIÐ STÖÐ 2 SPORT

Stöð 2 og KSÍ gerðu í byrjun sumars með sér samkomulag um samstarf sem m.a. er ætlað að stórauka stuðning og umfjöllun um fóboltaiðkun æskunnar. Í samningnum felst m.a. að Stöð 2 Sport skuldbindur sig til a.m.k. 35 beinna útsendinga frá leikjum í

Pepsi-deild karla, 5 leikja í VISA-bikarkeppni karla, útsendinga frá útileikjum A-landslíðs karla og vináttulandsleikjum þess á Íslandi. Einn allra mikilvægasti liðurinn í samkomulaginu er að Stöð 2 Sport fjallar í stórauðnum mæli um fóboltaiðkun yngri flokka. Að auki verða framleiddir og sýndir með reglubundnum hætti á Stöð 2 Sport vandaðir og skemmtilegir þættir um fóboltaiðkun ungs fólks og munu sportstöðvar Stöðvar 2 einnig taka að sér framleiðslu og sýningar á kennslumyndböndum í boltatækni.

Þessu til viðbótar felst í samningnum að 365 miðlar munu afhenda KSÍ á hverju samningsári hundruð áskrifta að íþróttarásum sínum. Þessar áskriftir hyggst KSÍ nýta til hvatningar og frekari uppbyggingar handa fóboltaescu landsins með því að útdeila áskriftum með markvissum hætti til ungra fóboltaiðkenda sem skarað hafa fram úr á sviði knattleikni, stundvísi og ekki hvað síst háttvísi, bæði á æfingum og í keppni.

Síðast en ekki síst hafa 365 miðlar og KSÍ áform um nýja fjármögnunarleið fyrir íþróttafélög þar sem þeim mun gefast kostur á að taka að sér sölu áskrifta að Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 gegn því að allt að 10 til 30% af sölutekjunum renni til viðkomandi félags á þriggja ára tímabili.

SAMNINGAR VIÐ BORGUN, ICELANDAIR OG SPKEF

KSÍ undirritaði á vordögum samkomulag um áframhaldandi samstarf til fjögurra ára (2010-2013) við Borgun og Íslenskar getraunir. Í nóvember var svo undirritað samkomulag við Sparisjóð Keflavíkur til þriggja ára (2011-2013). Í samningunum felst stuðningur fyrirtækjanna við starfsemi KSÍ á öllum sviðum og nær samningurinn m.a. til allra

landsliða Íslands af báðum kynjum. Borgun verður jafnframt, eins og undanfarin ár, samstarfsaðili KSÍ vegna háttvísiáttaksins „KSÍ og Borgun - Leikur án fordóma“, sem miðar að því að viðhalda drengskap og eyða fordómum og mismunum af öllu tagi. Borgun og ÍG hafa verið í lykilhlutverki sem tveir af aðalsamstarfsaðilum KSÍ síðustu fjögur árin og bætist SpKef nú í þennan hóp. Með þessum samningum eru þau fyrirtæki sem eru *Alltaf í boltanum með KSÍ* orðin fimm talsins.

ALLTAF Í BOLTANUM MEÐ KSÍ

KSÍ hefur síðan 2006 verið í samstarfi við öflug fyrirtæki undir yfirskriftinni *Alltaf í boltanum með KSÍ*. KSÍ tengir slagorðið *Alltaf í boltanum* við starfsemi sína, en það lýsir vel því hugarfari sem einkennir allt starfið. Samningar þessir fela í sér í aðalatriðum að fyrirtækin voru sýnileg í allri starfsemi KSÍ.

Fyrirtæki þessi eru:

- Borgun
- Coca-Cola (Vífilfell)
- Icelandair
- Íslenskar getraunir
- Sparisjóðurinn í Keflavík (frá 2011)

Þá átti KSÍ samstarf á árinu við Sjóvá, Guðmund Jónasson, Ísspor, Icelandair Hotels (Flugleiðahótel), Heklu, Miða.is, Errea (Safalinn) og fleiri þjónustufyrirtæki.

•••••

FJÁRMÁL

RÍFLEGA 200 MILLJÓNIR TIL ÍSLENSKRA FÉLAGA

UEFA ákvað á árinu, líkt og áður, að hluti af þeim tekjum sem sambandið hafði af Meistaradeild UEFA 2009/2010 skuli renna til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna- og unglinga og fá íslensk félög um 41 milljónir króna í sinn hlut til barna- og unglingastarfs. Samkvæmt ákvörðun UEFA skulu öll framlög vegna Meistaradeildar UEFA til barna- og unglingastarfs renna til félaga í efstu deild og er það breyting frá því sem áður var þegar framlögin skiptust á milli félaga í efstu og næstefstu deild. Framlag UEFA að þessu sinni skiptist því á milli félaga í Pepsi-deild. UEFA setur eftirfarandi skilyrði fyrir greiðslu sinni til félaga í Pepsi-deild karla:

1. Greiðslan fer í gegnum viðkomandi knattspyrnusamband.
2. Aðeins félög sem leika í efstu deild og uppfylla lágmarks kröfur leyfiskerfis viðkomandi knattspyrnusambands varðandi barna- og unglingastarf geta fengið greiðslu.
3. Fjárhæðin skiptist á milli félaga skv. ákvörðun stjórnar viðkomandi sambands.
4. Félög sem tóku þátt í Meistaradeild UEFA 2009/2010 skulu ekki fá hlutdeild í þessari greiðslu.

Í samræmi við ofangreind skilyrði ákvað stjórn KSÍ að framlag UEFA rynni til þeirra félaga sem leika í Pepsi-deild karla árið 2010 en í þeirri deild hefur KSÍ innleitt leyfiskerfi (m.a. kröfur um samþykka áætlun um uppeldisstarf).

Stjórn KSÍ samþykkti síðan að leggja til um 51 milljón króna til viðbótar sem skiptist á milli aðildarfélaga í öðrum deildum, en skipting á framlagi til barna- og unglingastarfs var þá með þeim

hætti að félög úr Pepsi-deild fá 3,4mkr. sem er framlag UEFA, félög úr 1. deild fá 1,6mkr., félög í 2. deild karla fá 1,1mkr. hvert, önnur félög í deildarkeppni kr. 800.000 og félög utan deildarkeppni kr. 250.000. Úthlutun er háð því að félög haldi úti starfsemi í yngri flokkum. Greiðslan til félaganna skal renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglinga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks karla og kvenna. Samtals er því framlag til barna- og unglingastarfs fyrir árið 2010 áætlað um 92 milljónir króna en var um 70 milljónir króna árið 2009 og munar þar mestu um aukið framlag KSÍ.

Þau félög sem tóku þátt í UEFA keppnum 2010 fengu í sinn hlut samtals um 110 milljónir króna, FH um 50 milljónir fyrir þátttöku í forkeppni Meistaradeildar UEFA, (UEFA Champions League), og Íslandsmeistaratitillinn 2009, KR um 27 milljónir fyrir þátttöku í forkeppni Evrópu deildar UEFA (UEFA Europa League) og Breiðablik og Fylkir um 13,5 milljónir hvort félag, einnig fyrir þátttöku í forkeppni Evrópu deildar UEFA. Kvinnalið Breiðabliks og Vals fengu svo um 3 milljónir hvort félag fyrir þátttöku í 32 liða úrslitum UEFA Meistaradeildar kvenna.

Heildarframlag UEFA og KSÍ til aðildarfélaga á árinu 2010 er því ríflega 200 milljónir króna.

500.000 KR. STYRKUR TIL LEYFISUMSÆKJENDA

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í janúar að greiða öllum 24 félögum sem undirgengust leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistímabilið styrk fyrir vinnu við undirbúning leyfisumsókna sinna. Ákveðið var að greiða hverju félagi í Pepsi-deild karla og 1. deild karla

500 þúsund krónur, sem greiddist í tveimur hlutum.

UMTALSVERÐ HÆKKUN VEGNA DÓMGÆSLU

Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu og eftirlits árið 2010 voru um 85 milljónir króna, en stærstu kostnaðarliðir eru ferða- og launakostnaður, um 68 milljónir króna á árinu sem er umtalsverð hækkun frá árinu 2009.

Eins á síðasta ári ákvað stjórn KSÍ að sambandið myndi taka yfir ferða- og upphaldskostnað dómara fyrir árið 2011 í öllum deildum beggja kynja og í leikjum VISA-bikarsins. Þar með er ljóst að niður falla öll gjöld í jöfnunarsjóði sem gerð er krafa um í þátttöku-tilkynningum meistaraflokks á árinu, sem og allar slíkar greiðslur til dómara af hálfu aðildarfélaga á vettvangi í þeim keppnum þar sem það fyrirkomulag hefur verið viðhaft. Við þetta lækkar kostnaður félaganna um 30 milljónir króna.

RÚMLEGA 100 MILLJÓNIR TIL AÐILDARFÉLAGA

Í lok keppnistímabilsins fengu félög greiddar 14,4 m.kr. í verðlaunafé fyrir árangur í Pepsi-deild og VISA-bikar. Auk þess fengu félög í Pepsi-deild og VISA bikar sérstakar greiðslur fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi samtals að upphæð um 90 milljónir króna.

Pepsi-deild karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	Breiðablik	1.000.000
2	FH	700.000
3	ÍBV	500.000
4	KR	300.000
5	Fram	300.000
6	Keflavík	300.000
7	Valur	300.000
8	Stjarnan	300.000
9	Fylkir	200.000
10	Grindavík	200.000
11	Haukar	200.000
12	Selfoss	200.000
		4.500.000

VISA-bikar karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	FH	1.000.000
2	KR	500.000
3-4	Fram	300.000
3-4	Víkingur Ó.	300.000
5-8	KA	200.000
5-8	Stjarnan	200.000
5-8	Valur	200.000
5-8	Þróttur R.	200.000
9-16	BÍ/Bolungarvík	100.000
9-16	Fjarðabyggð	100.000
9-16	Fjölínir	100.000
9-16	Fylkir	100.000
9-16	Grindavík	100.000
9-16	ÍA	100.000
9-16	Keflavík	100.000
9-16	Víkingur R.	100.000
		3.700.000

Pepsi-deild kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	Þór/KA	700.000
3	Breiðablik	500.000
4	Stjarnan	300.000
5	Fylkir	300.000
6	KR	300.000
7	Grindavík	300.000
8	Afturelding	300.000
9	FH	200.000
10	Haukar	200.000
		4.100.000

VISA-bikar kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	Stjarnan	500.000
3-4	ÍBV	300.000
3-4	Þór/KA	300.000
		2.100.000

TRAUST FJÁRHAGSSTAÐA

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2011 námu 723 milljónum króna samanborið við 703 milljónir króna á árinu 2009. Hækkun rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af hækkun sjónvarpstekna og auknu framlagi frá FIFA. Rekstrarkostnaður KSÍ var undir áætlaðri upphæð eða um 656 milljónir króna.

Jöfnuður var milli fjármunatekna og fjármagnsgjalda KSÍ á árinu 2010 um 23 milljónir króna hvor liður. Rekstrarhagnaður ársins nam rúmum 67 milljónum króna, en áætlanir gerður ráð fyrir rúmlega 32 milljóna króna hagnaði.

Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarfélaga nam tap ársins tæpum 16 milljónum króna.

Fjárhagstaða KSÍ er traust við áramót, lausafjárstaða góð, handbært fé um 320 milljónir króna og eigið fé um 218 milljónir króna.

